



**Barátta við klakann** Kristinn V. Jóhannsson, starfsmaður á Laugardalsvelli, sést hér bera á Laugardalsvöllinn í gær. „Það er þykkt lag af klaka yfir vellinum og þetta efni er borið á í hlýindum og á það að hjálpa klakanum að bráðna,“ segir Kristinn en það á að frysta á ný í vikunni. Hann segir að hefði snjórinn ekki verið tekinn af og borið á þá yrði svellið miklu þykkara eftir þrjá daga. „Við höfum lært það undanfárin ár að það er lítið sem við getum gert þegar svellið er komið en það er meira sem við getum gert í að fyrirbyggja það að svell myndist,“ segir Kristinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dæturnar á Hróarskeldu

**LÍFID** Tvær íslenskar sveitir koma fram á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar, raftónlistardúettinn Milkywhale og rappsveitin Reykjavíkurdætur. Sextán til tuttugu Reykjavíkurdætur koma fram á hátíðinni. „Þetta er fyrsta skiptið hjá mörgum okkar. Það er mikil spenna í loftinu og okkur þykir þessi hátíð æðisleg,“ segir Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, ein Reykjavíkurdætra. „Við erum meðvitaðar um mörk hverrar okkar og það er svo gott. Ef maður ber alltaf virðingu fyrir mörkum annarra þá gengur allt miklu betur.“

– glp / sjá síðu 34

**Vigdís Ósk, ein Reykjavíkurdætra.**

## Margfalt dýrara að leita á bráðamóttöku

Allt að þrettán prósentu aukning ferðamanna milli ára á bráðamóttökunni.

**HEILBRIGÐISMÁL** Álag á bráðamóttöku Landspítalans hefur aukist mikið með fjölgun ferðamanna. Þetta sýna fyrstu niðurstöður rannsóknar Guðbjargar Pálsdóttur, sérfræðings í bráðahjúkrun.

Áætlað er að frá árinu 2001 til og með 2014 hafi 14.303 einstaklingar sem ekki höfðu íslenska kennitölu leitað eftir þjónustu á bráðamóttöku. Fór þeim fjölgandi eftir því sem leið á tímabilið. Mest var aukningin milli ára frá 2009, en þá var árleg aukning sjö til þrettán prósent.

# 14.303

útlendingar leituðu til bráðamóttöku 2001 til 2014.

Guðbjörg segir að skrá þurfi betur gögn um komu útlendinga og rýna betur í þau. Síðan þurfi að taka höndum saman með ferðaðjónustunni um að bæta þjónustuna, til dæmis beina fólki í réttan farveg.

„Ferðaðjónustan þarf að hafa um það upplýsingar hvert á að leita með hvaða vandamál,“ segir Guðbjörg. Hún vísar til þess að fjórfalt dýrara sé fyrir ósjúkratryggða ferðamenn að leita á bráðamóttöku Landspítalans en að leita á Læknavaktina og á heilsugæslu. En komugjaldið fyrir ósjúkratryggða á bráðamóttökuna er 56.700 á móti 13.415.

Þá segir Guðbjörg afar brýnt að horfa til forvarna og vísar þar til umræðu liðinna vikna um slyshættu á Íslandi. - jhh

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Árni Páll Árnason skrifar um stjórnarskrármál. **12-16**

**SPORT** Stefán Rafn ætlar sér að læra mikið af Guðjóni Val. **18**

**MENNING** Gagnrýni Jónasar Sen um Don Giovanni í Íslensku óperunni. **24-26**

**LÍFID** Birna Rún hlaut Edduna fyrir leikkonu ársins í aukahlutverki. **32**



**PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**0 KR. NOVA Í ALLA FIMMUNDRUÐ MÍN. & SMS/MMS 990 KR.**


**0 KR. NOVA Í ALLA ÚTAKMARKAÐAR MÍN. & SMS/MMS 1.990 KR.**

**NÝTT Í ÁSKRIFT**



Stærsti skemmtistaður í heimi!

**NOVA**



Á morgun snýst vindur til norðlægrar áttar, fyrst norðvestanlands, 8-18 síðdegis, hvassast á annesjum norðvestantil.

**SJÁ SÍÐU 22**

## Þarf viðtækt umboð til rannsóknar

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra telur rétt að skoða hvernig best sé að haga athugun á starfsemi Kleppjárnsreykja og rannsókn á framgöngu stjórnvalda gagnvart stúlkum sem umgengust hermenn í seinni heimsstyrjöldinni.

Hann segir þurfa viðtækara umboð en vistheimilanefnd hefur samkvæmt gildandi lögum enda væri þá aðeins einn angi málsins skoðaður. „Ég teldi því eðlilegra að skoðað yrði hvernig best mætti haga skoðun á þessum málum í heild sinni og að hún yrði ekki afmörkuð við starfsemi Kleppjárnsreykja. Sýnist mér að þar þurfi viðtækara umboð en vistheimilanefnd hefur samkvæmt gildandi lögum,“ sagði Sigmundur Davíð í svari sínu við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, um málefnið.

– kbg

## Nýjar víglínur

**KJARAMÁL** Rio Tinto Alcan á Íslandi óskaði eftir því í gær við sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu að lagt yrði lögbannd við þeirri aðgerð aðila á vegum Verkalyðsfélagsins Hlífar að meina yfirmönnum hjá fyrirtækinu að lesta ál um borð í skip til útflutnings.

ISAL telur að 25 yfirmönnum, auk forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar, sé heimilt að lögum að skipa álinu út. Gylfi Ingvarsson, talsmaður starfsmanna álversins, segir beiðnina leggjast mjög illa í starfsmenn og að viðtækari aðgerðir verði skoðaðar ef sýslumaður samþykkir lögbannd við verkbannd.

Í tilkynningu frá ISAL segir að fyrirtækið álití það skyldu sína að leita lögmætra leiða til að standa við skuldbindingar sínar við viðskiptavinum. – kbg

**Þetta er enn eitt merkið um það að þeir eru ekki tilbúnir að semja við okkur. Þeir búa sífellt til nýjar víglínur og setja deiluna í verri stöðu.**

Gylfi Ingvarsson, talsmaður starfsmanna Rio Tinto Alcan á Íslandi

## Rakað í kringum mottuna



Nú er hafinn mottumars, tákn Krabbameinsfélags Íslands í baráttunni gegn krabbameini hjá karlmönnum. Árlega greinast um 750 karlmenn með krabbamein á Íslandi og mottan er táknræn og á að minna á heilsuna. Félagarnir Karl Kristján Leifsson og Björn Daniel Danielsson hjá Sundlaug Kópavogs ætla að taka þátt í mottumars í ár og lögðu línurnar að skeggvextinum. Áheimum er safnað á mottumars.is FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lesendur geta tilnefnt til miðnættis

**SAMFÉLAG** Frestur til að skila inn tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2016 rennur út á miðnætti.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagsamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagsamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum. Nánari upplýsingar eru á visir.is þar sem einnig er hægt að senda inn tilnefningar. Einnig má tilnefna með tölvupósti á netfangið samfelagsverðlaun@frettabladid.is eða bréfléiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

# Samfélagsmiðlar segja öðrum hvar þú ert

Ef fólk er ekki meðvitað um stillingar í snjallsímanum eru miklar líkur á að aðrir geti fundið út nákvæma staðsetningu. Heimilisföng fást í gegnum stefnumótasíður. Twitter og Instagram gefa upp nákvæma staðsetningu við notkun.

**ÖRYGGI** Almennungur hefur aðgang að forritum og öppum sem gerir honum kleift að fylgjast með nákvæmri staðsetningu annarra í gegnum samfélagsmiðla. Í sumum tilfellum er ferlið flókið en í öðrum er einfalt að komast að því hvar annað fólk er með mjög nákvæmum hætti.

Samfélagsmiðillinn Grindr, sem er stefnumótforrit ætlað samkynhneigðum og tvíkyrhneigðum körlum, hefur þann eiginleika að sýna notandanum álitlega karlmenn innan nokkurra kílómetra rafiuss. Með forritinu Fuckr er hins vegar hægt að kalla fram hárnákvæma staðsetningu notenda Grindr þannig að þú vitir að sá sem þú spjallar við sé í tilteknu húsi við einhverja ákveðna götu.

Annað dæmi er forritið Cree.py sem safnar saman upplýsingum sem samfélagsmiðlar á borð við Twitter og Instagram safna um notendur. Með þeim hætti er hægt að fylgjast með hvar einhver annar var eða er staddur þegar hann notar Twitter eða setur mynd á Instagram.

„Það eru samfélagsmiðlarnir sem eru að njósna um þig. Önnur forrit nýta sér það með því að spyrja samfélagsmiðlana spurninga sem samfélagsmiðlarnir vilja ekki að almenningur viti að hægt sé að spyrja,“ segir Smári McCarthy, tæknistjóri hjá Organized Crime and Corruption Reporting Project.

„Twitter-mobile appið og Facebook-mobile appið senda alls konar upplýsingar með þegar þú skrifer athugasemd eða breytir stöðunni þinni. Það hvaða upplýsingar eru sendar út fer eftir stillingunum þínum en þær innihalda



Ef þessi kona er að birta sjálfu á Instagram getur forritið Cree.py sagt öðrum nákvæmlega hvar hún er. NORDICPHOTOS/GETTY

**Það eru samfélagsmiðlarnir sem eru að njósna um þig.**

Smári McCarthy



# 3,5

**klukkustundir fara að jafnaði í notkun snjallsíma hjá almenningi samkvæmt rannsóknum.**

að jafnaði lýsigögn eins og hvað klukkan er, í hvaða tímabelti þú ert, hvar nákvæmlega þú ert staddur og margt fleira. Á meðan samfélagsmiðlarnir safna gögnum mun alltaf einhver geta skoðað þau.“

Smári segir að notendur geti varið

sig lítilliga með því að breyta stillingum sínum á þá leið að forritið fái ekki að skrá staðsetningu þeirra. Hann segir þó að í sannleika sagt sé það að mestu leyti tilgangslaut, alltaf sé hægt að fara í kringum það. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

PreCold®

## Það er til lausn við kvefi

Með því að nota PreCold® getur þú:

- Dregið úr einkennum kvefs
- Stytt tíma kvefeinkenna um allt að helming
- Fækkað kvefveirum í koki um 99%
- Komið í veg fyrir að þú fáiir kvef ef þú notar PreCold® fyrirbyggjandi

Gott ráð gegn kvefi

Fæst í apótekum  
[www.precold.is](http://www.precold.is)

**ZYMETECH**

Dreifingaraðili:  
Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

0 KR.

NOVA  
Í ALLA

FIMMHUNDRUÐ  
MÍN. & SMS/MMS

990 KR.

0 KR.

NOVA  
Í ALLA

ÓTAKMARKAÐAR  
MÍN. & SMS/MMS

1.990 KR.

1 GB

1.290 KR.

10 GB

1.990 KR.

TILBOÐ\*

\*Gildir með 0 kr. Nova í alla,  
ótakmarkaðar mín & SMS/MMS.

# NÝTT Í ÁSKRIFT

## Klapp, klapp, klapp & meira klapp!

Við klöppum fyrir viðskiptavinum okkar því ánægðustu viðskiptavinirnir í farsímaþjónustu eru hjá Nova. Fyrir það erum við þakklát og kynnum ánægjuaukandi nýjungar í áskrift.



ÍSLENSKA  
ÁNÆGJU ÖGIN

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri.  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

# Nú reykja aðeins tíu prósent þjóðarinnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Þeir sem reykja daglega eru 10% Íslendinga yfir 18 ára aldri en voru 14% árið 2014. Þessi lækun er í samræmi við aðrar kannanir á reykingum Íslendinga, samkvæmt könnun Embættis landlæknis á nokkrum áhrifaþáttum heilbrigðis. Lítil munur er á milli kynja.

Daglegar reykingar eru algengastar hjá fólki á aldrinum 45 til 54 ára, eða 14%, samanborið við 5% í aldurshópnum 18 til 24 ára. Í yngsta aldurshópnum, 18-24 ára, hafa 73% aldrei reykt samanborið við 38% í aldurshópnum 45-54 ára.

Ölvunardrykkja er töluverð meðal landsmanna og þá sérstaklega í yngsta aldurshópnum, 18-24 ára. Í þessum aldurshópi er athyglisvert hve lítil munur er á ölvunardrykkju milli karla og kvenna. Karlar á aldrinum 45-54 ára drekka hins vegar tvöfalt oftar en konur í sama aldurshópi.

Um helmingur fullorðinna Íslendinga hreyfir sig í samræmi við ráðleggingar og er það sambærilegt við fyrri kannanir á hreyfingu. Áhyggjuefni er hins vegar að umtalsverður hluti landsmanna hreyfir sig lítið sem ekkert.



Ungt fólk er núorðið mjög ólíklegt til að reykja að staðaldrí. NORDICPHOTOS/AFP

Íslendingar meta andlega heilsu sína almennt góða og meirihluti þeirra telur sig vera hamingjusaman. Þá segist meirihluti fá nægilegan svefn en þó er áhyggjuefni hve stór hluti karla fær að jafnaði of lítinn svefn. Sömuleiðis er streita meðal íslenskra kvenna áhyggjuefni, en um þriðjungur kvenna segist oft eða mjög oft finna fyrir mikilli streitu í daglegu lífi, segir í frétt embættisins.

Þrátt fyrir jákvæða þróun milli ára í ávaxta- og grænmetisneyslu neytir aðeins um fjórðungur ávaxta tvisvar á dag eða oftar og fimmtungur grænmetis tvisvar á dag eða oftar. – **shá**

# Hægt að núlla út stóra losunarvalda

Losun gróðurhúsalofttegunda er 26% meiri en árið 1990. Hægt væri að binda alla losun frá samgöngum og sjávarútvegi árið 2030 með því að fjórfalda aðgerðir í skógrækt og landgræðslu. Þrjú kílóver auka losun árið 2030 um 54% þó tillit sé tekið til bindingar, er spáð.

**UMHVERFISMÁL** Ef framlag stjórnvalda og einstaklinga til landgræðslu og skógræktar yrði fjórfaldað frá því sem nú er, væri hægt að binda samsvarendi magn koltvísyrings í andrúmsloftinu árið 2030 og gert er ráð fyrir að allar samgöngur og sjávarútvegur á Íslandi muni losa á þeim tímamarki.

Þetta kom meðal annars fram í erindi Brynhildar Davíðsdóttur, prófessors í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, á ráðstefnu Landsbankans í gær undir yfirskriftinni Hvaða áhrif hefur Parísarsamkomulagið á atvinnulífið?

Brynhildur fjallaði um niðurstöður loftslagsráðstefnunnar í París í samhengi við íslenskan veruleika frá mörgum hliðum. Kom fram að losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á Íslandi er 26% meiri en hún var árið 1990. Hún hefur stóruaust frá iðnaði (78%) og samgöngum (39%), en dregist verulega saman frá sjávarútvegi (-42%). Ef binding GHL í landnotkun er reiknuð inn í þessa mynd þá hefur nettólosunin aukist mun minna, eða um 15% frá því sem var árið 1990. Á þessum tíma hefur hlutfallsleg losun stóriðju vaxið úr 32% í 45% af heildinni en í sjávarútvegi minnkað úr 22% árið 1990 í 10%.

Brynhildur sagði, í samhengi við þessa tölfræði, hvað við getum gert, og hvar við eigum að leggja áherslu á að bregðast við. Hún vék líka að framtíðarsýninni – eða spám um losun. Að óbreyttu, eða án uppbyggingar í stóriðju, sem Brynhildur sagði reyndar óraunhæft, verður losun á Íslandi árið 2030 aðeins fimm prósent yfir losun árið 1990 með bindingu með skógrækt og landgræðslu. Ef öll áform um uppbyggingu stóriðju ganga hins vegar eftir á næstu árum gera spár ráð fyrir því að losun gróðurhúsaloft-



Ólíkt öðrum löndum þá er aðeins brot af heildarlosun hér vegna orkuframleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

39%

meiri losun frá samgöngum á landi og flugi.

78%

meiri losun er frá stóriðju en 1990.

108%

aukning á losun gróðurhúsalofttegunda miðað við 1990.

26%

meiri losun er á gróðurhúsalofttegundum í dag en 1990.

## Stjórnvöld hvetji til góðra verka

- Með því að setja metnaðarfull markmið.
- Með aðlögun regluverks og fjárhagslegum hvötum – t.d. reglum um orkuskilvirki nýrra bifreiða, kolefnissköttum, ívilnunum, styrkjum.
- Tryggja að innviðir séu til staðar – t.d. fyrir rafbilavæðingu.

**Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, sagði að að óbreyttu verði losun á Íslandi árið 2030 aðeins fimm prósent yfir losun árið 1990.**



tegunda frá Íslandi muni aukast um 108% miðað við losun ársins 1990. Verði ekki af uppbyggingu í alíðnaði en áætlanir um rekstur þriggja nýrra kílóver ganga eftir mun nettólosun engu að síður aukast um 72%.

Þessar tölur eru svokölluð háspá, og ekki tekið tillit til bindingar innan íslenska hagkerfisins og skal taka sérstaklega fram að binding með endurheimt votlendis er þá ekki reiknuð til tekna. Samsvarendi tölur með bindingu yrðu 91% aukning, og 54% ef aðeins þrjú kílóver yrðu byggð og rekin hér árið 2030.

Fjöldmargt er hægt að gera til að minnka losun á næstu árum. Það sem getur átt við um öll fyrirtæki eru mótvægisáðgerðir eins og að draga úr beinni losun vegna eigin starfsemi, og þá ekki síst orkunotkun og í flutningum. Óbeint má hafa áhrif með því að velja sér græna birgja, en einnig í samgöngum hjá starfsmönnum og að velja viðskiptavinir eftir sótspori þeirra. Einnig með þátttöku í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Árangri má líka fljótt ná með grænum fjárfestingum.

svavar@frettabladid.is



**Aðalfundur landssamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 15. mars 2016 kl. 16.00 á Icelandair Hótel Natura Víkingasal.**

### Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi hefst málþing Spítalans okkar um uppbyggingu Landspítala.

Meðal fyrirlesara verður Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands.  
**Stjórnin.**

# Jákvæðni gagnvart erlendu vinnuafli

**ATVINNA** Sextíu prósent Íslendinga eru jákvæð gagnvart því að fá erlent vinnuafli til landsins. Þá er 21 prósent á móti erlendu vinnuafli en nitján prósent tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

Þetta kemur fram í nýrri könnun Gallup, en sambærileg könnun var framkvæmd í 69 öðrum löndum.

Meirihluti telur komu erlends vinnuafli neikvæða í 42 löndum en jákvæða í 27 löndum. Hins vegar segjast 57 prósent allra þátttakenda jákvæð gagnvart komu erlends vinnuafli.

Í skýrslu Gallup kemur fram að fátækari þjóðir séu almennt jákvæðar, milliríkar þjóðir almennt neikvæðar en skiptar skoðanir séu meðal ríkra þjóða. Hins vegar skekkir Kína, fjölmennasta ríki heims, þær niðurstöður þar sem það sker sig úr í hópi milliríkra þjóða.

Kínverjar eru jákvæðasta þjóðin, þar munar 74 prósentustigum á því hve margir eru jákvæðir og



Margir útlendingar koma til landsins til að vinna í lengri og skemmri tíma, til að mynda í byggingarvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

neikvæðir. Neikvæðasta þjóðin er hins vegar Tailendingar. Þar munar 65 prósentustigum í hina áttina.

Í könnuninni var spurt: „Telur þú almennt að það sé jákvætt eða neikvætt fyrir Ísland að fá erlent vinnuafli til landsins?“

Þá tóku 1.875 Íslendingar þátt, valdir af handahófi, og var svarhlutfall um sextíu prósent. – **þea**

## Viðhorf gagnvart erlendu vinnuafli

Ísland	Heimurinn
Jákvæð <b>60%</b>	Jákvæð <b>57%</b>
Tóku ekki afstöðu <b>19%</b>	Tóku ekki afstöðu <b>11%</b>
Neikvæð <b>21%</b>	Neikvæð <b>32%</b>



# Vinstri græn vilja burt ákvæði um endurgreiðslu

Varaþingmaður Vinstri grænna er feginn að endurgreiðsluákvæði útlendingalaga hafa ekki verið nýtt. Frumvarp um ný útlendingalög er á borði ráðherra.

**ALÞINGI** Endurgreiðsluákvæði útlendingalaga hafa ekki verið nýtt undanfarin fimm ár. Þetta kemur fram í svari Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur, varaþingmanns Vinstri grænna.

Í útlendingalögum má nú finna tvö ákvæði sem heimila að krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðar. Annað ákvæðið snýr að endurgreiðslu kostnaðar vegna réttarástoðar við hælisleitanda hafi hælisleitandi, sem ekki fær hæli, ráð á endurgreiðslunni. Hitt ákvæðið snýr að endurgreiðslu vegna fyrirgreiðslu komi í ljós að hann hafi ekki haft þörf fyrir hana.

Segir í svari ráðherra að ráðuneytið hafi leitað upplýsinga frá Útlendingastofnun sem hafi síðan gefið þau svör að ákvæðin hefðu ekki verið nýtt undanfarin fimm ár.

Rósa Björk segir þungu fargi af sér létt við að heyra að ákvæðinu hafi ekki verið beitt. „Ef svo hefði verið hefði það verið ómannúðlegt. Ég er mjög fegin að sjá að þessu hafi ekki verið beitt enda tel ég að þetta eigi ekki heima í íslenskum lögum,“ segir Rósa Björk.

Þá svaraði ráðherra einnig spurningu Rósu Bjarkar um hvort stæði til að breyta ákvæðunum eða fella þau brott. „Vinna við heildarendurskoðun laga um útlendinga er á lokastigum í ráðuneytinu,“ segir í svari ráðherra. Einnig kemur fram að vinna við endurskoðunina hafi farið fram á vegum sérfræðinga ráðuneytisins sem og þverpólískrar þingmannanefndar um útlendingamál. Þó kemur fram að eins og er hafi ekki verið gerðar efnislegar breytingar á framangreindum ákvæðum við þá vinnu. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á næstunni.

Rósa Björk segist bíða spennu eftir frumvarpinu og vonast eftir því að ákvæðin verði afnumin og passað sé vel upp á að komið verði í veg fyrir að viðlíka ákvæði verði komið inn í lög um útlendingarétt. „Það er ekki okkur sæmandi sem þjóð að hafa

Ég er mjög fegin að sjá að þessu hafi ekki verið beitt enda tel ég að þetta eigi ekki heima í íslenskum lögum.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, varaþingmaður VG



Vinna við heildarendurskoðun laga um útlendinga er á lokastigum í ráðuneytinu.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra



viðlíka ákvæði í íslenskum lögum,“ segir Rósa Björk.

Fyrr á árinu samþykkti danska þingið lög sem heimiluðu meðal annars að gera verðmætar eignir flóttamanna upptækar. Hart var deilt á lögum á heimsvísu en þingið samþykkti þau með miklum meirihluta.

„Við hljótum sem þjóð að vilja ekki fara nándar nærri því sem Danmörk var að gera,“ sagði Rósa Björk í samtali við fréttastofu í janúar þegar hún lagði fram fyrirspurnina og bætti við: „Fólk sem hingað kemur í leit að hæli hefur sjaldnast mikið á milli handanna og þarna eru lagaákvæði sem heimila að rukka hælisleitendur fyrir ýmsan kostnað ríkisins við umsókn þeirra.“

thorgnyr@frettabladid.is

## Þrifinn tvisvar á ári



Starfsfólk vinnur að því að þrifa og lagfæra hina þekktu stytta Michelangelos af Davíð, sem er til sýnis í Akademíusafninu í Flórens á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Bjó til síðu um skaðsemi kannabisefna

**HEILBRIGÐISMÁL** Sumarið eftir fjórða ár í lækisfræði réði Arnar Jan Jónsson sig á fíknigeðdeild. Deildin sér um meðhöndlun fólks sem er með geðsjúkdóm samhliða fíknisjúkdómi. Hluti af starfi Arnars var að fara yfir fíknisögu og notkun sjúklínganna á öðrum lyfjum. Þá áttaði hann sig á því að mikill misskilningur ríkti um kannabisefni.

„Ég uppgötvaði að fólk leit ekki á kannabis sem raunverulegt fíkniefni. Það setti efnið í sérhíllu. Það fannst mér afar áhugavert og fór í framhaldinu að kynna mér kannabis. Fólk gerir sér engan veginn grein fyrir hversu skaðlegt efnið getur verið,“ segir Arnar, sem reyndi að fræða sjúklíngana á deildinni en með afar litlum árangri.

„Þeir meðtóku ekki það sem ég sagði. Þannig að ég fór að leita að fræðsluefni en fann bara leiðbeiningar um hvernig ætti að nota efnið.“

Þessi skortur á fræðsluefni varð

til þess að Arnar ákvað að búa til heimasíðu um skaðsemi kannabiss í samstarfi við Engilbert Sigurðsson og Heru Birgisdóttur. Síðan er nú komin í loftið og slóðin er einfaldlega kannabis.is.

Á síðunni er farið yfir skaðsemi kannabiss á líkama og huga. Greinarnar eru auðlesnar og byggðar á vísindalegum rannsóknnum. „Margir telja efnið skaðlaust og eru ekki meðvitadír um hætturarnar sem geta fylgt því að reykja kannabis, til dæmis á miðtaugakerfið og hættuna á geðrofi. Einnig eru margir sem telja að kannabis geti ekki verið ávanabindandi en rannsóknir sýna það. Flestar sýna að einn af hverjum tíu sem prófa efnið verði háður því.“ -ebg

### Fjórðungur tíundu bekkinga telja marijúana skaðlaust

Rannsóknir og greining við HR hefur til margra ára gert rannsóknir á vímuefnaneyslu unglíngna í efstu bekkjum grunnskóla.

#### Árið 2012 var spurt:

Ertu sammála, óviss eða ósammála því að marijúana sé hættulegt, jafnvel þó svo það sé einungis notaði í eitt skipti?

Árið 2012 voru **12%** unglíngna í 8. bekk, **16%** unglíngna í 9. bekk og **24%** unglíngna í 10. bekk ósammála þessari fullyrðingu.





## Heimilis RIFINN OSTUR

### Er nú á tilboði

Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.


370 g 100% ÍSLENSKUR OSTUR



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# BREMSUR BORDA KLOSSA & DISKA ókeypis ástanzskoðun TIL 14. MARZ



## Viðurkenndir þjónustuaðilar Toyota á Íslandi bjóða ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði til og með 14. mars.

Auk þess bjóðum við **20% afslátt\*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.\*\*

Komdu og láttu leggja mat á bremsurnar og aktu af öryggi til móts við vorið.

### Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

\*\*Ef þú greiðir með kreditkortu áttu kost á að dreifa greiðslum í allt að níu mánuði með vaxtalausum raðgreiðslum hjá Borgun.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Pantaðu tíma í dag.  
Það er einfalt og fjótlegt.

# Vitað í áratugi að kerfið er meingallað

Skipulag geðheilbrigðisþjónustu barna virkar ekki, og það hefur legið fyrir í áratugi. Átak við að uppræta biðlista hefur litinn tilgang í því ástandi. Ítarleg stefnumótun frá 1998 var aldrei nýtt – setja átti úrbætur vegna barna í forgang. Mæta þarf þörf barna í nærumhverfi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Átak í að vinna upp biðlista barna og unglunga sem biða eftir geðheilbrigðisþjónustu hefur litinn tilgang í sjálfu sér. Ráðast þarf að rótum vandans, skilgreina hver á að gera hvað og gera nauðsynlegar breytingar á skipulagi geðheilbrigðisþjónustunnar.

Þetta er álit Ólafs Ó. Guðmundssonar, formanns Barnageðlæknafélagsins. „Það hefur lengi legið fyrir að skipulagsmálin eru í ólestri. Mjög góðri vinnu í formi ítarlegrar skýrslu var skilað í október 1998 um stefnumótun í geðheilbrigðisþjónustu, barna og full-orðinna. Þar voru menn sammála um að úrbætur í þjónustu við börn þyrfti að setja í forgang. Það eru liðin átján ár og lítið eða ekkert var gert við þær upplýsingar sem lágu þá fyrir, og allar götur síðan,“ segir Ólafur.

Ríkisendurskoðun skilaði svartri skýrslu á dögnum þar sem tíund- aðir voru langir biðlistar eftir geðheilbrigðisþjónustu og til þess tekið að raunveruleg þörf barna og unglunga á ítar- og sérþjónustu hefur aldrei verið

Það þarf að taka á undirliggjandi vanda – kerfinu sjálfu en ekki bara vanda sem kerfið býr til.

Ólafur Ó. Guðmundsson, formaður Barnageðlæknafélagsins



metin af ríkinu. Velferðarráðuneytið er hvatt til að meta þessa þörf, en ekki síður að skilgreina og innleiða hlutlæg viðmið um biðtíma þessa hóps.

Ólafur segir að Barnageðlæknafélagið styðji eindregið að sett verði viðmið um hver hámarksbiðtími á að vera fyrir börn og unglunga. Sem dæmi sé það viðmið haft í Bretlandi að barn eða unglingur biði ekki lengur en fjóra mánuði – en það er styttra í Noregi.

„Að setja peninga í að stytta biðlista er dæmt til að mistakast. Það gerir bara illt verra því aðeins er verið að fram- lengja vandann. Það þarf að taka á

undirliggjandi vanda – kerfinu sjálfu en ekki bara vanda sem kerfið býr til,“ segir hann.

Ólafur bendir á að öflugum einingum verði að koma á fót á nokkrum stöðum úti um land til að mæta þörfinni; henni verði ekki mætt einungis af Þroska- og hegðunarstöð á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eða BUGL. „Á ákveðnum stöðum á landinu þurfa að vera fagaðilar sem geta brugðist við algengum vanda; þegar börn eiga erfitt með að stjórna hegðun sinni eða sýna merki um vanlíðan. Fólk sem greinir hvað er að gerast heima við, í skólanum eða innan vinahópsins. Þar verði komið til móts við þarfir sem fylgja þessum algengu hlutum. Ef þetta dugar ekki til, og merki sjást um að vandinn sé alvarlegri og tengist alvarlegum heilsufars- þáttum, þá sé vísað á stöðvar eins og Þroska- og hegðunarstöð eða BUGL til að veita sérhæfða þjónustu, en ekki eins og núna þar sem öllu ægir saman af því að það er ekkert annað í boði,“ segir Ólafur. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

## Löng bið eftir þjónustu

**390** börn biðu þjónustu Þroska- og hegðunarstöðvar í nóvember 2015.

**Biðtími allt að eitt ár.**

**120**

börn voru á biðlista BUGL í október 2015.

**Biðtími allt að 18 mánuðir.**

**208** börn

biðu eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í desember 2015.

**Biðtími allt að 14 mánuðir.**



Biðtíminn eftir aðstoð getur orðið allt að eitt og hálf ár. FRÉTTABLAÐID/GVA



## MYGLUSVEPPUR ÓGN VIÐ HEILSU STARFSFÓLKS

Hilton Reykjavík Nordica, 2. mars kl. 9.00 - 10.30

### FUNDARSTJÓRI

Pórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

### DAGSKRÁ

Hver er réttarstaða starfsmanna  
Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM

Vinnuvernd, atvinnusjúkdómar, raki og mygla.  
Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins

Mygla og aðkoma vinnueftirlitsins  
Jóhannes Helgason, lífeðlisfræðingur MSc og verkefnastjóri hjá Vinnueftirlitinu

Raki og mygla í vinnuumhverfi: Hvað vitum við? Hvað vitum við ekki? Hvernig er brugðist við annars staðar? Hvað getum við gert?  
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur B.Sc. og fagstjóri Húss og heilsu frá Eflu verkfræðistofu

Af hverju erum við að fást við þetta í þessum mæli, hver er orsök og hvað getum við gert.  
Ríkhartó Kristjánsson, verkfræðingur frá Eflu verkfræðistofu

Fundurinn er öllum opin.  
Aðgangseyrir 2.500 kr.

Skráning á [bhm.is](http://bhm.is)



Bandalag háskólamanna



Thi Thuy og Hao Van voru grunuð um málamyndahjónaband. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## Höfðu betur í lekamáli

**STJÓRNSÝSLA** Hjónin Thi Thuy Nguyen og Hao Van Tio höfðu betur gegn Útlendingastofnun, samkvæmt nýjum úrskurði Persónuverndar. Stofnuninni var ekki heimilt að skrásetja upplýsingar sem virðast hafa borist simleidis frá félagsráðgjafa á Landspítalanum og miðla þeim áfram til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Miðlun upplýsinganna fór í bága við lög um persónuvernd.

Fréttablaðið greindi frá því í október að Útlendingastofnun hefði farið fram á lögreglurannsókn á sambandi hjónanna vegna gruns um að það væri málamyndahjónaband. Tæpu ári áður en beiðnin frá Útlendingastofnun barst til lögreglunnar höfðu hjónin eignast dóttur hér á landi og notið heilbrigðisþjónustu á Landspítalanum vegna þess. Þau greiddu fullt verð fyrir fæðingu dóttur sinnar vegna þess að þrátt fyrir að fadírinn hefði hér varanlegt landvistarleyfi þá var móðirin ekki komin með slíkt. Vegna reikningsins hittu þau félagsráðgjafa til að útskýra stöðu dvalarleyfisumsóknar Thi Thuy.

Í úrskurði Persónuverndar kemur fram að Útlendingastofnun segi að þrjú símtöl hafi borist frá Landspítalanum til að spyrjast fyrir um stöðu dvalarleyfisumsóknar Thi Thuy. Í þeim símtölum á að hafa komið fram sú skoðun hringjanda að Thi Thuy væri ung og barnaleg

» Í úrskurði Persónuverndar kemur fram að hringjandi frá Landspítali hafi sagt Thi Thuy unga og barnalega en mann hennar óframfærinn. Þær upplýsingar voru notaðar til að rökstyðja lögreglurannsókn.

en maður hennar óframfærinn. Þær upplýsingar voru síðar notaðar til að rökstyðja beiðni Útlendingastofnunar um lögreglurannsókn.

Samkvæmt úrskurðinum taldi Útlendingastofnun sig hafa leyfi til að deila þessum upplýsingum þar sem ekki væri um viðkvæmar upplýsingar að ræða. Þessu er Persónuvernd ósammála þar sem um var að ræða heilsufarsupplýsingar.

Engin gögn eru til á Landspítalanum um þennan ætlaða leka til stofnunarinnar og virðast símtölin þrjú ekki hafa verið skráð. Í úrskurðinum kemur fram, eins og Fréttablaðið greindi raunar frá þann 23. febrúar síðastliðinn, að starfsmaðurinn sem um ræddi neitaði að hafa veitt Útlendingastofnun þessar upplýsingar og að hann væri hættur störfum. Málið hefur verið kært til lögreglu svo að lögreglurannsókn fari fram á hvort leki hafi borist frá Landspítalanum. – snæ



Ford Fiesta er **mest seldi**  
smábíll Evrópu



## NÝR FORD FIESTA

Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.



### Ferðafjör Ford

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í mars og apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

## FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.740.000** KR.

Upplifðu frábæra  
aksturseiginleika Ford Fiesta,  
mest selda smábíls Evrópu  
- komdu og prófaðu



[ford.is](http://ford.is)




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO<sub>2</sub> gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ♦ Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km. ♦ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Fimm repúblikanar eru eftir í baráttunni af þeim sextán sem upphaflega ákváðu að taka þátt. Það eru Ben Carsons, Marco Rubio, Donald Trump, Ted Cruz og John Kasich. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stærsti dagur kosningabaráttunnar

Í Bandaríkjunum er í dag hinn svonefndi „ofurþriðjudagur“, en þann dag efna bæði repúblikanar og demókratar til forkosninga í samtals fjórtán af fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna. Sá sem á flesta sigra að baki eftir daginn í dag hefur þótt öruggur um að vera forsetaefni.

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton hefur afgerandi forystu meðal demókrata en Donald Trump meðal repúblikana í baráttunni um að verða forsetaefni flokkanna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem fréttastöðin CNN birti í gær.

Skoðanakönnunin náði til allra ríkja Bandaríkjanna. Clinton mældist með 20 prósentu forskot á Sanders, en hjá repúblikönunum mældist Trump með 49 prósentu fylgi, Marco Rubio með 16 prósent en aðrir minna.

Forkosningar og prófkjör flokkanna hófust í byrjun febrúar og standa allt fram í júnímánuð, en endanlega verða forsetaefni flokkanna valin á landsfundum þeirra í júlí.

Í dag er svo stærsti dagurinn í kosningabaráttunni, „ofurþriðjudagurinn“ svonefndi, þar sem kosið er samtímis í fjórtán af 50 ríkjum Bandaríkjanna.

Eftir daginn í dag ætti staða framboðendanna að skýrast verulega, þótt enn sé nokkuð í land þangað til endanleg niðurstaða verður ljós.

Til þessa hefur sá framboðandi, sem á ofurþriðjudeginum hefur flesta sigra að baki, þótt nokkuð öruggur um að verða á endanum forsetaefni síns flokks.

Fimm repúblikanar eru eftir í baráttunni, af þeim sextán sem upphaflega ákváðu að taka þátt.

Auðkýfingurinn yfirlýsingaglaði Donald Trump hefur verið sigursæl-

## Forsetaefni valin á flokksþingum

Til að hljóta útnefningu Demókrataflokksins þarf atkvæði frá 2.385 af 4.768 fulltrúum á landsfundi flokksins í júlí.

**Búið er að úthluta 156 þeirra í forkosningum og prófkjörum flokksins til þessa, en í dag bætast 1.034 við.**

### Ofurfulltrúar

Á báðum landsfundunum sitja síðan „ofurfulltrúar“ sem geta ráðið atkvæði sínu sjálfir.

**712** ofurfulltrúar sitja á landsfundi Demókrataflokksins.

Clinton hefur þegar aflað sér stuðnings frá 453 þeirra en 20 styðja Sanders.

Til að hljóta útnefningu Repúblikanaflokksins þarf atkvæði frá 1.238 af 2.475 fulltrúum á landsfundi flokksins í júlí.

**Búið er að úthluta 126 þeirra í forkosningum og prófkjörum flokksins til þessa, en í dag bætist 641 við.**

**278** ofurfulltrúar sitja á landsfundi Repúblikanaflokksins og flestir andvígir Trump.

## Demókratarnir

**Hillary Clinton** hefur tryggt sér 91 fulltrúa og 453 ofurfulltrúa  
**Bernie Sanders** hefur tryggt sér 65 fulltrúa og 20 ofurfulltrúa



## Repúblikanarnir

**Donald Trump** hefur tryggt sér 83 fulltrúa  
**Ted Cruz** hefur tryggt sér 17 fulltrúa  
**Marco Rubio** hefur tryggt sér 16 fulltrúa  
**John Kasich** hefur tryggt sér 6 fulltrúa  
**Ben Carson** hefur tryggt sér 4 fulltrúa



Demókratarnir Bernie Sanders og Hillary Clinton. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

astur til þessa, þótt hann hafi engan veginn tryggt sér tilnefningu flokksins enn sem komið er.

Næst honum koma þeir Marco Rubio, sem er öldungadeildarþingmaður frá Flórída, og Ted Cruz, sem er öldungadeildarþingmaður frá Texas.


Ríkisstjórnarnir Jeb Bush og Chris Christie eru báðir hættrir, en Christie hefur lýst yfir stuðningi við Donald Trump.

Kasich hefur ekki verið sérlega sigursæll, en hann hefur nú lýst

því yfir að ef hann tapar í Ohio, þar sem hann er ríkisstjóri, þá sé hann hættrur. Forkosningar í Ohio verða þriðjudaginn 15. mars.

Sá fimmti er heilaskurdæknirinn Ben Carsons, sem vakið hefur athygli fyrir ýmsar furðulegar yfirlýsingar, svo sem um að píramíðarnir í Egyptalandi hafi upphaflega ekki verið grafhýsi heldur korngeymslur. Dagurinn í dag ræður líklega úrslitum um það, hvort hann haldi áfram.

gudsteinn@frettabladid.is



Eva Kjer Hansen sagði af sér eftir ólguna undanfarna viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ráðherraskipti í Danmörku

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, kynnti í gær tvo nýja ráðherra, sem tekið hafa sæti í ríkisstjórn hans.

Töluverð atök hafa verið um stjórnina, sem er minnihlutastjórn hægrri flokksins Venstre, allt frá því íhaldsflokkurinn lýsti því yfir fyrir viku að hann bæri ekki lengur traust til Evu Kjer Hansen, sem var umhverfis- og matvælaráðherra stjórnarinnar.

Løkke Rasmussen studdi samt þétt

við bakið á henni og neitaði að víkja henni úr embætti, en reyndi í staðinn að fá þremur stuðningsflokkastjórnarinnar til að semja um aðra niðurstöðu.

Á laugardaginn tilkynnti svo Eva Kjer Hansen honum að hún segði af sér embætti. Í stað hennar tekur nú Esben Lunde Larsen við sem umhverfis- og matvælaráðherra. Hann hefur verið mennta- og rannsóknarmálaráðherra, en við þeirri stöðu tekur Ulla Tørnes. – gb

## Táragasi beitt gegn flóttafólki

**MAKEDÓNÍA** Lögreglan í landmærabænum Idomeni í Makedóníu beitti táragasi gegn flóttafólki, sem hafði reynt að brjóta sig gegnum landmæragirðingu frá Grikklandi.

Um fimm hundruð manns reyndu að komast yfir landamærin, sem hafa verið rammlega girt af.

Alls eru nærri sjö þúsund flóttamenn, flestir frá Sýrlandi og Írak, komnir að landamærunum Grikklandsmeigin, en komast ekki áfram sömu leið norður eftir sem hundruð þúsunda hafa farið síðustu misserin.

Einungis örfáum er hleypt í gegn á degi hverjum og er mikil reiði í hópnum, sem bíður eftir að komast frá Grikklandi eftir að hafa farið yfir hafði frá Tyrklandi, að minnsta kosti flestir hverjir.

Sumir hafa beðið við landamærin dögum saman.

Búið er við því að tugir þúsunda flóttamanna bætist í hópinn á næstu vikum. – gb



Hópur flóttafólks hrakinn til baka með táragasi eftir að hafa reynt að komast yfir landamærin frá Grikklandi til Makedóníu. NORDICPHOTOS/AFP



Krabbameinsfélagið



# ERT ÞÚ AÐ FARAST ÚR KARLMENNSKU?

LÆRÐU AÐ ÞEKKJA EINKENNIN. ÞAÐ ER EKKERT MÁL.

Taktu virkan þátt í baráttunni og vertu velunnari. Hringdu í síma:

**571 5111**

eða skráðu þig á [mottumars.is](http://mottumars.is)

Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein karla, en um 200 greinast að meðaltali ár hvert. Meðalaldur við greiningu er um 70 ár og meinið er sjaldgæft hjá körlum undir fimmtugu.

Oft eru engin einkenni en stækki meinið geta komið fram einkenni á borð við þvagtrengdu, tíð þvaglát og blóð í þvagi.

Nánari upplýsingar um einkenni eru á [mottumars.is](http://mottumars.is) eða hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í síma 800 4040.

#mottumars #karmennska

Brandenburg



Republik

trickshot



Aðalstyrktaraðili:



Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

# Sparkað í gullkálfinn



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Það er áhyggjuefni hvað stjórnvöld hafa dregið að fjárfesta í innviðum til að bregðast við auknum straumi ferðamanna. Ferðaþjónustan er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og skapar þjódarbúinu mestar gjaldeyristekjur ásamt sjávarútvegi. Ferðaþjónustan er eiginlegur gullkálfi því allir hagnast á auknu innstreymi gjaldeyris og afleidd áhrif af auknum straumi ferðamanna hafa jákvæða verkan á allar atvinnugreinar. Greint var frá því í þessu blaði í gær að tveggja mánaða gömul farþegasþá Isavia hefði verið uppfærð til hækkunar en spáð er 37 prósentu fjölgun farþega frá síðasta ári. Á þessu ári sækja 1,73 milljónir ferðamanna landið heim gangi spáin eftir. Það er því ljóst að við munum fara yfir tveggja milljóna markid mun fyrir en talið var. Bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir tveimur milljónum ferðamanna árið 2018.

Á þessu ári á að verja 20 milljörðum króna í stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Það er með nokkrum ólíkindum að stjórnvöld hafi ekki stækkað Leifsstöð meira, hraðar og fyrr. Það er ekki eins og vöxtur ferðaþjónustunnar og aukinn fjöldi ferðamanna séu ný tíðindi sem eigi að koma stjórnmalámonnum í opna skjöldu. Skýrslur liggja fyrir mörg ár aftur í tímann þar sem spáð var fyrir um þetta.

Ástandið í Leifsstöð er á köflum skelfilegt. Yfir háannatímamann er aðstæðan niðri þar sem Ameríkuflugid er algjörlega óboðleg og ferðamönnum er hrúgað þar saman í eina kós, hverjum við næsta mann, líkt og sardínur í dós. Á síðasta ári fóru þrjú lögreglumenn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, sem sinnir landamæravörslu á Keflavíkurlflugvelli, í veikindaleyfi vegna álags og mjög illa gengur að manna erfiðustu vaktirnar. Það fór allt á hliðina í Leifsstöð í fyrra því það vantaði fjármagn til að sinna tollvörslu og landamæraeftirliti. Löggjafinn hefur ekki aukið fjárveitingar til lögreglunnar að neinu ráði til að bregðast við ástandinu. Það er auðvitað sorglegt ef allt fer á hliðina í Keflavík af því það vantar nokkra tugi milljóna til að sinna þessum störfum meðan hagsmunir þjódarbúsins hlaupa á tugum milljarða. Það er eins og ríkisstjórnin vilji fljóta sofandi að feigðarósi og sparka í gullkálfinn, fremur en að hlúa að honum.

Það má lítið út af bregða til að orðspor Íslands skaðist ekki og við viljum ekki fá þann stimpil að við vitum ekkert hvað við erum að gera þegar ferðaþjónustan er annars vegar. Mannkynssagan er uppfyll af sögum af samfélögum sem voru eitt sinn stórkostleg en hnignaði því tækifærum var glutrað niður. Íslendingar hafa allir sameiginlegan hag af því að búa til réttu ímyndina fyrir Ísland og byggja upp innviði til að taka á móti tveimur milljónum ferðamanna. Það er algjört dauðfæri fyrir þjódarbúinu að halda áfram að vaxa í ferðaþjónustunni. Til þess þarf hins vegar að fjárfesta og hlúa að þessari atvinnugrein. Ekki láta eins og vöxtur hennar sé bara eitthvert náttúrufrýrbæri sem engin leið er að hafa áhrif á.

Það má lítið út af bregða til að orðspor Íslands skaðist ekki og við viljum ekki fá þann stimpil að við vitum ekkert hvað við erum að gera þegar ferðaþjónustan er annars vegar.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Svinslegir samningar**  
Svinabændur eru fokreiðir yfir nýjum búvörusamningum því þeim finnst þeir sniðgengnir að öllu leyti. Fulltrúi svinabænda yfirgar Bændahöllina í fússi í gær og á næstu dögum verður kosid um tillögu þess efnis að svinabændur segi skilið við Bændasamtökin.

Svinabændur hafa kvartað sáran undan því að þurfa að bæta aðbúnað skepnanna hjá sér í kjölfar svartrar skýrslu MAST sem sýndi gyltur með legusar og þrengslin því lík að þær gátu sig hvergi hreyft. Áður höfðu ódeyfðar geldingar grísa komist í hámaeli. Fyrir það vilja þeir styrki.

Það má með sanni segja að með nýjum búvörusamningum sé perlum kastað fyrir svín, enda íslenskt landbúnaðarkerfi eins og peningahit, en það þarf ekki að láta skattfé renna í þetta svínari sem viðgengst á íslenskum svínabúum.

**Ballið á Bessastöðum**  
Sú hugmynd virðist ríkja að mars sé réttur tími fyrir sigurvegara forsetakosninga til að stiga fram svo nægur tími gefist til að vinna þjóðina á sitt band en nógu skammt sé til kosninga svo almenningur verði ekki kominn með upp í kok af slagorðaflaumnum. Halla Tómasdóttir, Össur Skarphéðinsson og Þorgerður Katrín eru öll líkleg en vonandi mun óvænt kanóna koma fram svo slagurinn verði spennandi. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

## Skriftamál Samfylkingarinnar



Ef við misstigum okkur í eigin lífi, finnst okkur eðlilegt að játa þau mistök. Ef þau snerta aðra, að viðurkenna mistökin gagnvart viðkomandi.

Þegar um er að ræða stjórnmalaflokk í vanda, er flókið að sammælast um hver mistökin séu. Skýrt er hins vegar, að ef um mistök er að ræða, þá snúa þau að almenningi, eru ekki einkamál örfárra, a.m.k. ekki hjá flokki sem vill vera fjöldahreyfing.

Samfylkingin missti mikið fylgi í síðustu kosningum. Og þrátt fyrir ríkisstjórn sem gengur gróflaga gegn almannahagsmunum, minnkar fylgið enn. Nauðsynlegt er að flokkurinn greini undirliggjandi orsakir. Hvaða mistök voru gerð? Hvað var á hans valdi? Formaðurinn Árni Páll Arnason fór þá óvenjulegu leið að gera sína greiningu á fylgistapinu opinbera með bréfi til allra flokksmanna og hefja fundarferð um landið, samræður við flokksmenn um vanda Samfylkingarinnar.

Um einstök atriði greiningar Árna Páls má deila, en mörgum eins og mér var létt að málin skyldu sett upp á borðið og öllum boðið til opinna umræðu. Samfylkingin var í blindgötu. Í stað þess að taka þessu fagnandi og ganga til rökraðu með félögum sínum, hafa sumir þeirra kvartað yfir því að ekki sé horft fram á við og lögð áhersla á okkar stefnumál. Vandinn er sá að þjóðin hefur takmarkaðan áhuga á Samfylkingunni og hennar stefnumálum. E.t.v. vegna þess hversu margt tókst ekki í framkvæmd þeirra á síðasta kjörtímabili, þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum.

Jafnaðarmannaflokkar eiga í vanda víðast í Evrópu, eins og hefðbundnir flokkar almennt. Fylgi minnkar, félögum fækkar.

Við sem teljum stjórnmalaflokka mikilvægar almannahreyfingar og jafnaðarstefnuna um jöfn tækifæri og réttlátt samfélag eiga brýnt erindi, eigum að taka boði Árna Páls með opnum huga og setjast á rökstóla um orsakir vanda Samfylkingarinnar og leiðir fram á við. Sá sem skilur ekki eigin fortíð, mun eiga erfitt með að fóta sig í framtíðinni.

Sá sem skilur ekki eigin fortíð, mun eiga erfitt með að fóta sig í framtíðinni.

4 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR  
**BESTA MYND**  
BESTA LEIKSTJÓRN - LENNY ABRAHAMSON  
BESTA HANDRIT - EMMA DONOGHUE  
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI - BRIE LARSON

ASTIN Á SER ENGIN TAKMÖRK

**ROOM**

BYGGT Á SAMNEFNDI NETFLIX

FRÉTTABLAÐIÐ SKAFTAHÍÐ 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is

PRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAD: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoria Hermansdóttir viktorja@frettabladid.is

MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Arnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Lifandi stjórnarskrá



Árni Páll Árnason  
formaður  
Samfylkingarinnar

Nú hefur verið kynnt niðurstaða stjórnarskrárnefndar um þrjú ný ákvæði í stjórnarskrá Íslands.

Stóra spurningin sem við þurfum að spyrja okkur er ekki hvort við hefðum viljað sjá aðrar og fleiri breytingar á stjórnarskrá. Henni getum við líklega flest svarað játandi. Stóra spurningin er frekar hvort þessi þrjú ákvæði sem nú standa til bóða, séu til góðs eða til tjóns. Ég tel hafið yfir vafa að þau séu til góðs og marki stærstu skrefin í lýðræðisumbótum í rúmlega 70 ára sögu lýðveldis á Íslandi.

## Náttúruvernd

Það skiptir miklu að fá í stjórnarskrá ákvæði um að ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvíli sameiginlega á öllum og sú vernd grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Kveðið er á um rétt allra til heilnæms umhverfis, almannarétt og upplýsinga- og þátttökurétt almennings.

Á mörg þessi atriði hefur reynt, þegar farið hefur verið af stað með stórkaraleg atvinnuuppbyggingaráform á undanförunum áratugum og náttúruverndarsjónarmið of oft farið halloka vegna þess að áherslan hefur öll verið í hina áttina. Það verða tímamót þegar ágreiningur risi í framtíðinni að geta vísað í að varúðarsjónarmið og rök sjálfbærrar þróunar liggja til grundvallar náttúruverndarákvæði í stjórnarskrá. Það hefði þótt kraftaverki líkast fyrir fáeinum árum.

## Þjóðaratkvæðagreiðslur

Það skiptir lykilmáli að 15% landsmanna geti fengið að kalla lög í þjóðaratkvæðagreiðslu (og sumar þingsályktanir) og fengið þannig úrslitavald um ákvarðanir, án þess að eiga það undir mati forseta á hverjum tíma hvort þjóðin fái að fara með þetta vald. Þetta hlutfall, 15%, er mjög eðlilegt í ljósi nýlegrar reynslu af undirskriftarsöfnunum. Þá er gert ráð fyrir því að 25% kosningabærra manna þurfi til að snúa við ákvörðun Alþingis.

Almennt eru þátttökuþröskuldar af þeim toga ekki góðir og rétt að hafa þá sem lægsta. Í ljósi þess að þingræði er grunnþáttur í stjórnskipaninni er hins vegar hægt að færa ágætis rök fyrir þessum þröskuldi við því að þjóðaratkvæðagreiðsla geti snúið við ákvörðun þjóðkjörins þings, þótt hann mætti sannarlega ekki hærri vera. Þetta ákvæði mun hvetja stjórnvöld á hverjum tíma til að fara vel með meirihlutavald sitt og leita viðtækari samstöðu um umdeild mál. Það er gott fyrir lýðræðið og tiltrú á stjórnmalin.

## Þjóðareign á auðlindum

Þá verður mikilvægt að fá í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Með ákvæðinu verður til þjóðareignarréttur sem er ekki undirsettur einkaeignarrétti, heldur hliðsettur. Vöntun á stjórnarskrárákvæði um þjóðareign hefur staðið umbótum í auðlindanýtingu fyrir þrífum um áratugi.

Eigendur fiskveiðikvóta hafa haldið

fram sjónarmiðum um eignarrétt á þeim kvóta sem þeir hafa fengið og þegar gerðar hafa verið tilraunir til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu hafa þær þurft að taka mið af réttaróvissu um eignarréttarlegt tillit kvótaiðgenda.

Ef nýja þjóðareignargreinin verður að veruleika verður þeirri spurningu svarað í eitt skipti fyrir öll: Þjóðin á fiskveiðiauðlindina. Sama mun eiga við um öll önnur takmörkuð gæði, sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti, allt frá auðlindum í jörðu til fjar-skiptatiðni. Kerfisbreytingar, eins og



**Það skiptir miklu að fá í stjórnarskrá ákvæði um að ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvíli sameiginlega á öllum og sú vernd grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.**

breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, verða þá þeim mun auðveldari í framtíðinni.

## Mikilvægar breytingar

Þau þrjú nýju ákvæði sem hér hafa verið rakin munu öll fela í sér breytingar, þótt í þeim felist ekki heildstæð endurskoðun stjórnarskrár. Við höfum mörg bundið vonir við slíka endurskoðun og þjóðin hefur samþykkt að frumvarp byggt á tillögum stjórnlagaráðs skuli lagt fyrir Alþingi. Það er verkefni stjórnmalaflokka að skapa trúverðugan ramma um efndir

á þeirri samþykkt og mikilvægt að skýr fyrirheit verði gefin um áframhald vinnu við endurskoðun stjórnarskrár í aðdraganda næstu þingkosninga.

Það felst engin mótsögn í stuðningi við þessar breytingar og stuðningi við frekari stjórnarskrárumbætur. Þvert á móti mun samþykkt þessara afmörkuðu breytinga varða veginn og senda skýrt þau skilaboð að stjórnarskrá landsins er lifandi plagg sem tekur reglulegum breytingum í samræmi við nýjar þarfir. Þess vegna eigum við að nýta þetta sögulega tækifæri sem nú gefst til stjórnarskrárbreytingar.

KPMG

# Sköpum ferðapjónustunni frábæra framtíð

KPMG léttir undir með stjórnendum meðal annars með því að greina tækifæri til vaxtar, vöruþróunar og aukinnar skilvirkni. Okkar þjónusta miðar að því að skapa meiri verðmæti.

Við vinnum með fólki í ferðapjónustunni að margs konar verkefnum:

- Stefnumótun og sviðsmyndir
- Greining fjárfestingatækifæra
- Bókhald og uppgjör
- Virðisaukaskattur
- Hagnýting upplýsingatækni
- Ferlar og gæðamál
- Rekstrarráðgjöf



Nánari upplýsingar um þjónustu við fyrirtæki í ferðapjónustu veitir Benedikt K. Magnússon með tölvupósti [bmagnusson@kpmg.is](mailto:bmagnusson@kpmg.is) eða í síma 545 6000.

kpmg.is

Af gnægð hjartans mælir munnur hans...

# Góður árangur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



Ásta Rut Jónasdóttir stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna kynnr þessa dagana afar góða afkomu ársins 2015. Svo skemmtilega vill til að um leið fagnar sjóðurinn 60 ára afmæli starfsemi sinnar, en hann var stofnaður hinn 1. febrúar 1956.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna getur nú á 60 ára afmæli sínu kynnt sjóðfélögum sínum sérstaklega sterka stöðu til að standa undir skuldbindingum sínum til að greiða þeim lífeyri.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins, sem er helsti mælikvarðinn á styrk hans og getu til að standa undir skuldbindingum sínum, var um áramót jákvæð sem nemur 8,7% samanborið við 5,1% árið áður. Hrein raunávöxtun sjóðsins var 10,2% og fimm ára meðalraunávöxtun 7,3%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var um síðastliðin áramót 584 milljarðar króna, 75 milljörðum hærrí en árið áður.

Sjóðurinn hefur því hvort tveggja aukist að stærð og styrk undanfarin ár. Gjaldeyrishöftin hafa þó dregið úr möguleikum til að auka fjárfestingar sjóðsins erlendis. Smá, en mikilvæg, skref voru þó tekin á síðasta ári til að lífeyrissjóðir landsins gætu fjárfest erlendis, samtals fyrir 10 milljarða króna, og nýtti Lífeyrissjóður verzlunarmanna sinn hluta þeirrar heimildar til fulls. Stjórnvöld hafa ákveðið að auka við þessa heimild á



**Ljóst er að hærri aldur, sem í sjálfum sér er góð tíðindi, veldur því að enn meiri nauðsyn verður á því en nokkru sinni fyrr að lífeyrissjóðirnir nái góðum árangri, þar sem þeir þurfa að standa undir lífeyrisgreiðslum í lengri tíma en áður.**

Þessu ári og er það vel, enda nauðsynlegt lífeyrissjóðunum að auka áhættudreifingu sína með þeim hætti að fjárfesta bæði á innlendum og erlendum mörkuðum.

Langtíma árangur hefur einnig verið góður af starfsemi sjóðsins og

afkoma góð eins og best sést af því að skoða meðaltals raunávöxtun á ári undanfarin 20 ár, en hún er 4,9% sem hlýtur að teljast vera ákaflega góður árangur.

## Krefjandi viðfangsefni

Umræður eru hafnar um það krefjandi viðfangsefni sem bíður stjórnvalda, aðila vinnurmarkaðarins, lífeyrissjóðanna sem og sjóðfélaganna: Hvernig skuli bregðast við hækkandi aldri þjóðarinnar. Ljóst er að hærri aldur, sem í sjálfu sér eru góð tíðindi, veldur því að enn meiri nauðsyn verður á því en nokkru sinni fyrr að lífeyrissjóðirnir nái góðum árangri, þar sem þeir þurfa að standa undir lífeyrisgreiðslum í lengri tíma en áður.

Hinn góði árangur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna undanfarin ár og áratugi tryggir að sjóðurinn er til-

tölulega vel undir það verkefni búiinn. Hvernig það verður nákvæmlega útfært verður þó ekki ljóst fyrr en síðar á árinu með samkomulagi aðila vinnurmarkaðarins, stjórnvalda og lífeyrissjóðanna.

Lífeyrisgreiðslur hafa aukist jafnt og þétt frá ári til árs. Það gerist hvort tveggja vegna hækkandi aldurs sjóðfélaganna og þá um leið fjölgunar lífeyrisþega, en einnig vegna þess að hver árgangur hefur að jafnaði áunnið sér meiri réttindi en fyrri árgangar. Árið 2015 námu heildar lífeyrisgreiðslur 10.464 milljónum króna sem þýðir að Lífeyrissjóður verzlunarmanna er einn stærsti launagreiðandi landsins, ef svo má að orði komast.

Fyrir hönd stjórnar óska ég Lífeyrissjóði verzlunarmanna og sjóðfélögum öllum velfarnaðar á komandi árum.



## Með höfðagaflinn út að Grensásvegi



Sigrún Stefánsdóttir íbúi við Grensásveg

Ég bý í blokkinni á horni Grensásvegur og Hæðargarðs – blokk sem stundum er kölluð Kardi-mommubærinn. Svefnherbergið okkar snýr út að Grensásveginum austanmegin. Ég hef því fylgst grannt með umræðunni í fjölmiðlum um fyrirhugaða fækkun akreina á Grensásvegi úr fjórum í tvær. Af þessu tilefni langar mig til þess að segja ykkur aðeins frá því hvernig nábylið við þennan veg er, eins og þetta blasir við mér.

Ég er meðal þeirra sem eru að reyna að leggja sitt af mörkum til þess að draga úr mengun og fer því flestra minna leiða gangandi. Ferðir mínar byrja því gjarnan á gangstéttinni austanmegin. Mér finnst stundum strætisvagnarnir strjúkast við mig þegar þeir aka niður götuna og ég reyni alltaf að komast sem fyrst yfir götuna, þar sem ástandið fyrir gangandi vegfarendur er aðeins skár. Þegar snjóar er gangstéttin okkar oft ófær dögum saman þar sem mokstursbílnir þeyta snjónum upp á hana. Þá er eina ráðið að ganga eftir götunni sjálfri, sem gefur auga leið að er ekki hættulaust.

Ég er líka ein þeirra sem byrja alla daga á því að fara í sturtu. Stóran hluta ársins gæti ég alveg sleppt þessari vatnsnotkun og skroppið bara út á örmjóa gangstéttina fyrir utan heimili okkar og fengið baðið þar, þegar bílnir æða fram hjá í slabbinu.

Blokkin okkar stendur eftir á hæðinni og það er greinilega gefandi að gefa hraustlega í bæði á leiðinni upp og niður þennan hluta Grensás-



**Á þeim 10 árum sem við höfum búið þarna hef ég endurtekið komið að bilum með afturhlutann upp í loft og með húddið inni í húsa-görðum nágannanna neðar í götunni.**

vegarins. Ég leyfi mér að fullyrða að umferðarhraði þarna fer oft upp fyrir leyfilegt hámark í íbúðarhverfi. Þetta virðist vera nokkurs konar rallýgata. Á þeim 10 árum sem við höfum búið þarna hef ég endurtekið komið að bilum með afturhlutann upp í loft og með húddið inni í húsa-görðum nágannanna neðar í götunni. Gapandi sár á grindverki blasir þessa dagana við eftir slíkt óhapp.

Ég á barnabörn sem koma oft í heimsókn. Ég er alltaf með lífið í lúkunum af ötta við að sá yngri sleppi út á gangstéttina, og verði keyrður þar niður af hjóli á fljúgandi ferð eða fari út á götuna þar sem umferðarþunginn er mikill allan sólarhringinn.

Reykjavíkurborg hefur verið að gera flotta hluti varðandi skipulag hjólastiga og gönguleiða um borgina á undanförmum árum, sem falla vel að þeim ákvörðunum sem voru teknar í París á dögnum. Þessi ákvörðun um Grensásvegin er í fullu samræmi við nýtt aðalskipulag borgarinnar þar sem lögd er áhersla á vistvæna samgöngumáta og að gera göturnar í borginni vistvænni, öruggari og fallettri. Ég hlakka til þess að ganga niður Grensásvegin þegar framkvæmdum verður lokið og við gangandi vegfarendur höfum örugga braut fyrir okkur, hjólríðamenn sitt rými og bílarnir sitt, eina akrein í hvora átt. Ég veit að ég er ekki ein um það!

## Markaðssetning Íslands og ábyrg ferðahegðun



Inga Hlín Pálsdóttir forstöðumaður á Íslandsstofu

Þær raddir heyrast nú æftar að óþarft sé að markaðssetja Ísland gagnvart ferðamönnum í ljósi fjölda þeirra undanfarið. Einhverjir virðast telja að við séum orðin förnarlömb eigin velgengni. Íslensk ferðapjónusta er nú á talsverðu vaxtar skeiði, og jafnan er það lífskeið vöru sem krefst fjárfestingar í markaðssetningu, til að fræða hugsanlega kaupendur, í þessi tilfelli ferðamenn, um kosti hennar.

Markaðssetning er ein sú áhrifarkasta leið sem við höfum til þess að hafa áhrif á hegðun ferðamanna. Ef öllu markaðsstarfi væri hætt er ljóst að við myndum lítil áhrif hafa á hvaðan eða hvernig ferðamenn hingað koma, og hefðum fá tækifæri til samskipta við þá. Við það myndum við missa gríðarleg tækifæri til þess að koma sameiginlegum skilaboðum og áherslum íslenskrar ferðapjónustu á framfæri.

Fjölgun ferðamanna á Íslandi ætti ekki að vera vandamál, heldur tækifæri. En að sjálfsögðu fylgja því áskoranir eins og við þekkjum öll að breyta því tækifæri í raunveruleg verðmæti. Við litum svo á að markaðssetning sé samstarfsverkefni sem við höfum öll skoðun á. Á þessum tíma þarf að endurmeta skilaboð og fókus með það í huga hvernig betur sé hægt að þjóna þörfum samfélagsins og greinarinnar sjálfar og þar með hvernig við getum nýtt tækifærin betur.

## Tími til að skoða áherslur

Mikil vinna hefur verið unnin síðastliðin ár, og raunar ótrúlega mikil á mjög skömmum tíma. Það er ekki langt síðan, rúmlega þrjú, fjögur ár, að mikilið var rætt um að fjölga ferðamönnum utan háannar, svo ferðapjónusta gæti verið heilsársatvinnugrein. Síðan þá hefur greinin sett allan fókus í markaðsstarfinu á það að jafna árstíðasveifluna með góðum árangri. Nú er hins vegar tími til að skoða forsendur og áherslur í markaðsstarfi en það er ekki tími til þess að hætta því.

Nú er hafin ný markaðsherferð á vegum Íslandsstofu og samstarfsaðila í ferðapjónustu. Markaðsherferðin er undir merkjum Inspired by Iceland og ber heitið Iceland Academy. Henni



**Nú er tími til að skoða forsendur og áherslur í markaðsstarfi en það er ekki tími til þess að hætta því.**

er ætlað að auka vitund og áhuga á Íslandi sem áfangastað ásamt því að leggja áherslu á ábyrga ferðahegðun erlendra gesta, auka öryggi þeirra og ánægju og stuðla að því að þeir fái sem mest út úr Íslandsferðinni.

Það er heilmikil vinna fram undan í íslenskri ferðapjónustu, en það er spennandi vinna, og það skiptir öllu máli að við tölum vel um landið okkar og eyðileggjum ekki fyrir okkur tækifæri á erlendum mörkuðum með neikvæðu umtali hér heima fyrir.

Nýtum markaðssetninguna á jákvæðan máta til þess að láða hingað upplýsta ferðamenn sem hafa sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi, vilja njóta ferðarinnar og fá jákvæða upplifun, dvelja hér lengur, eyða meiru og ferðast víðar um landið. Það er verkefni okkar allra að kynna Ísland á áhugaverðan og ábyrgan hátt.

## Tímamót í heilsugæslu?



Ragnar Victor Gunnarsson sérfræðingur í heimilislækningum

Sá sem hér ritar hefur sl. áratug í ræðu og riti varað við afleiðingum þess að heilbrigðisfyrivöld hlúi ekki nægilega að heilsugæslu á Íslandi. Þar er að finna grunnþjónustu í heilbrigðismálum og er mikilvægt að sú þjónusta sé reist á styrkum stöðum með viðtækum afleiðingum fyrir allt heilbrigðiskerfið. Frá því að ég kom heim eftir sérnám árið 1999 hefur því miður verið langvinn undirmönnun heimilislækna. Skömmu eftir heimkomu stóð ég fyrir því í samvinnu við Landspítalann að sett var á laggirnir göngudeild sykursjúkra á Suðurnesjum og starfaði ég eftir það á 15 árum sem heimilislæknir, yfirlæknir og í bráðþjónustu í mörgum landslutum. Á sama tíma tók ég þátt í stjórnarstarfi meðal heimilislækna og í Læknafélagi Íslands. Allan þann tíma voru áhyggjur af undirmönnun

til umfjöllunar og hafa heimilislæknar ekki haft mikla ástæðu til bjartsýni. Meðalaldur heimilislækna er hár og nýliðun hefur ekki verið nægileg sem er hið versta mál því móttaka heimilislækna er kjarni heilsugæslunnar og sá hluti sem viðkvæmastur er fyrir undirmönnun.

Nú gerast hins vegar þau tíðindi að heilbrigðisráðherra bodar möguleika á fjölbreyttara rekstrarformi í heilsugæslu. Ekki stendur til frekar en endranar að einkavæða heilbrigðisþjónustu en heilbrigðisstarfsfólki verður gert kleift að reka heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu (fyrst um sinn) samkvæmt samningi við heilbrigðisfyrivöld en á sama tíma skal verða grundvallarbreyting á greiðslufyrirkomulagi. Fjármagn frá Sjúkratryggingum Íslands mun fylgja sjúkratryggingum allt eftir því hvaða heilsugæslustöð viðkomandi skjólstæðingur velur til að fá þjónustu frá. Ríkisreknu stöðvarnar halda áfram sinni starfsemi hér eftir sem hingað til en hinar nýju, einkareknu, bætast við og þar með fjölga heilsugæslum. Persónulega hef ég góða reynslu af þessu einkarekstrar- og greiðslufyrirkomulagi sem ég kynntist við vinnu í Svíþjóð.

Nú er að sjá hver viðbrögð verða




**Persónulega hef ég góða reynslu af þessu einkarekstrar- og greiðslufyrirkomulagi sem ég kynntist við vinnu í Svíþjóð.**

við þessum nýju áherslum en ég get ekki annað en hrósað Kristjáni Þór Júlíusssyni heilbrigðisráðherra fyrir hans viðleitni. Varla getur ástandið orðið verra við þessar breytingar og eitthvað verður að reyna til að efla heilsugæsluna um land allt. Staðreynd er að einhverjir tugir íslenskra lækna eru í heimilislæknaernámi erlendis (aðallega á Norðurlöndum) eða eru þegar orðnir sérfræðingar í faginu. Fari svo að þessar nýjungar í rekstrarformi heilsugæslu leiði til þess að segjum 25 sérfræðingar kjósi að flytja heim og sumir þeirra vilji vinna í opinbera geiranum en aðrir á einkarekinni stöð, er ljóst að um mjög jákvæðar breytingar í mönnun heimilislækna er að ræða. Við skulum sjá hvað setur og vona það besta.

# Fyrir FAGMENN á frábæru verði!



A031-207 7 þrep  
**24.990**  
6 þrepa 22.990,-  
9 þrepa 32.990,-  
11 þrepa 39.520,-



Kaufmann flisaskeri TOPPLINE 720mm  
**44.900**



Ghelfi Squalo  
m/180mm blaði og hliðarborði 1,5HP  
kr. **194.990** m.vsk



EP Pallettu-tjakkur  
2 tonna lyftigeta  
**38.900**  
með PU hjólum kr 39.900



MJÖG ÖFLUG  
dæla 16,7kg



Ghelfi Revolution 330 3HP  
með 2 blöðum, 135cm borð  
kr. **379.900** m.vsk



Rafmagnshitablasari  
15Kw 3 fasa  
**29.990**



Eibenstock EHR  
20/2,5 1300W  
**49.900**

Lavor Vertico 20  
140bör 400 min ltr.

**INDUCTION**  
MOTOR POWERED

**35.990**



SHA-8083 3x36W Haloge  
**16.990**



LLA-308  
PRO álstigi 3x8 þrep  
2,27-5,05 m  
**18.990**



Ermator Pullmann S13 1300W  
**239.900**

Rafhlöðuborvél 18V  
2 gíra Lilon rafhl. kr.  
**13.990**



Mesto 3565P  
Ferro Plus 6 lítra  
**28.990**  
Fyrir Byggingariðnað  
(einnig til 10 lítra)



Asaki AV226 800W  
höggborvél SDS 2,6  
kg 900 sn/mín.  
**14.990**



Asaki AV245 900W  
Brothamar 45mm  
5,3 kg  
**23.900**

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM



**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Að snæða svikinn héra í svefnherbergi með ókunnugum



**Gunnar Axel Gunnarsson**  
bæjarfulltrúi í  
Hafnarfirði

Aðögum var frumsýnd heimildarmyndin Halli sigurvegari, sem fjallar m.a. um ríkjandi viðhorf til mannréttindamála fatlaðs fólks á Íslandi upp úr miðri síðustu öld. Þrátt fyrir að baráttunni fyrir fullum mannréttindum fatlaðs fólks sé ekki lokið þá hefur sem betur fer orðið þar bylting í viðhorfum og engum sem dettur í hug lengur að verja opinberlega hugmyndir sem ganga út á það að svipta fatlað fólk grundvallarréttindum sínum.

Staðan í málefnum aldraðs fólks á Íslandi í dag er aftur á móti um margt svipuð og hún var í málefnum fatlaðs fólks þegar Halli var barn fyrir rúmlega hálfri öld. Orsökina er ekki skortur á peningum heldur úrelt viðhorf.

Viðhorf sem hafa legið eins og mara yfir málaflökknum og valdið áratuga stöðnun í málefnum eldra fólks.

## Hugmyndafræði síðustu aldar

Flest upphafleg hjúkrunarheimili á Íslandi eru frá miðri síðustu öld. Skipulag þeirra einkenndist af menningu sjúkráhusa þar sem íbúar (á þeim tíma kallaðir vistmenn) þurftu að aðlagast sig síðum, venjum og skipulagi stofnanna. Í flestum þessara stofnana var öldruðu fólki gert að deila svefnherbergi og öðrum vistarverum með ókunnugum og þar með svipt öllum rétti til einkalífs. Þessar stofnanir eru löngu orðin börn síns tíma og hafa þær verið aflagðar fyrir löngu í öllum nágrannalöndum okkar. Þrátt fyrir að árið 2010 hafi verið ráðist í sérstakt áttak hér á landi sem miðaði að því að leggja af þessar gömlu stofnanir eru nokkrar þeirra enn í rekstri.

## Að missa stöðu sína sem einstaklingur

Líkt og áður viðgekkt í málefnum fatlaðs fólks tíðkast það enn hér á landi að svipta fólk sem flytur á hjúkrunarheimili rétti til að stjóra daglegum mál-



**Ef ætlunin er að koma málefnum aldraðs fólks inn í nútímann þá þarf að byrja á grunninum, viðurkenna stöðuna eins og hún er og leggja upp í ferðalagið á grundvelli þess að mannréttindi séu algild og óháð aldri.**

efnum sínum. Þetta er sem betur fer ekki algilt og alls ekki formlega viðurkennt en er engu að síður staðreynd. Það er staðreynd að víða er fólk svipt rétti til að ákvarða um jafn sjálfsgæðar og persónulegar athafnir eins og að ákveða hvenær það fer í það, hvenær það vaknar á morgnana, hvenær það

snæðir morgunmat og hvað það borðar. Sums staðar er líka enn talað um vistmenn en ekki íbúa. Og þetta skiptir máli. Þessi orð og þessi hugtök gefa tón sem síðan endurspeglast í öllu sem viðkemur málefnum þessa aldurshóps. Sá sem er vistaður einhvers staðar missir sjálfkrafa stöðu sína sem sjálfstæður einstaklingur.

## One size fits all

Það þarf ekki að koma neinum á óvart að kannanir á meðal eldra fólks sýna að nær allir vilji búa heima hjá sér eins lengi og þeir mögulega geta. M.ö.o. það dreymir engan um að flytja á hjúkrunarheimili. En hvort fólk getur búið heima reðst oft m.a. af þeirri þjónustu sem stendur til boða og veitt er heim. Heimsendur matur er hluti af þeirri þjónustu.

Nýlega sagði Fréttablaðið frá slæmri reynslu íbúa í Hafnarfirði sem fékk vægast sagt ólystugan heimsendan mat. Bæjaryfirvöld kröfðust tafarlausa úrbóta af hálfu þjónustuaðilans. Það kom hins vegar ekki fram í fréttalutningi af málinu að sá sem þarf að treysta á þessa þjónustu er um leið

sviptur öllum sjálfstæðum rétti til að hafa skoðun á því hvað hann eða hún lætur ofan í sig. Ef það er svikinn héra í matinn þá er svikinn héra í matinn, alveg sama hvað viðkomandi finnst um það. Sá sem er háður slíkrri þjónustu hefur ekki lengur frelsi til að vera með einhverjar „tiktúrur“ í matarmálum. Í heimsendum mat gildir sú gullna regla fjöldaframleiðslunnar; One size fits all.

**Fjárhagsvandinn er bara birtingarmynd** Í dag erum við föst í umræðu um fjármál og átök milli rekstraraðila og ríkis en það fer minna fyrir umræðu um þann undirliggjandi vanda sem við er að glíma. Sá vandi er viðhorfsvandi og fjárskorturinn er ein birtingarmynd hans.

Sú bylting sem orðið hefur í málefnum fatlaðs fólks hér á landi var hvorki þögl né sjálfkrafa. Ef ætlunin er að koma málefnum aldraðs fólks inn í nútímann þá þarf að byrja á grunninum, viðurkenna stöðuna eins og hún er og leggja upp í ferðalagið á grundvelli þess að mannréttindi séu algild og óháð aldri.

# Hugleiðingar um hraðlest til Keflavíkurflugvallar



**Guðmundur Björnsson**  
viðskiptafræðingur og áhugamaður um meðferð opinbers fjár



**Mér finnst ævintýrlegt að reikna með að verkefnið skili jákvæðu tekjustreymi frá fyrsta ári og að á 50 ára tímabili fái fjárfestar 15,25% árlega ávöxtun svo eitthvað sé nefnt. Hvernig væri annars að ljúka við tvöföldun Keflavíkurvegjarins?**

auk 1,8 milljóna annarra farþega sem ferðast muni milli Reykjaness og höfuðborgarsvæðisins. Áætlað er að heildarkostnaður við verkefnið nemi 105 milljörðum.

## Kostnaður tvöfaldaðist

Í byrjun júní 2014 var svonefnt „tram“ sem er ofanjarðar léttlest tekin í notkun milli Edinborgar og Edinborgarflugvallar, 14 km leið. Á þeim 10 árum sem liðin voru frá því að fyrstu fjárhagsáætlanir voru gerðar hefur kostnaður tvöfaldaðist, leiðar-netið orðið helmingi minna og framkvæmdin tekið tvöfalt lengri tíma en áætlað var. Lestarnetið nær nú aðeins frá flugvællum til miðju Edinborgar en átti samkvæmt upphaflegri ætlan að ná til fleiri staða.

Upphafnið má rekja til ársins 2003 þegar stjórnvöld í Skotlandi eyrna-

merktu 375 MGBP, vísitölutryggt, til framkvæmda við lestina sem átti að tengja miðborg Edinborgar við bæði flugvöllinn og Leith hafnarsvæðið. Væntingar voru um að lestin væri komin í notkun á árinu 2009. Fyrst fimm árum síðar eða 2014 var lestin komin í notkun en aðeins til miðju borgarinnar.

Kostnaðurinn er orðinn 776 MGBP auk 200 MGBP vaxtakostnaðar eða um 182 milljarðar íslenskra króna á núverandi gengi (1 GBP = 186 IKR).

Margir telja að það sé kraftaverk að þessum áfanga hafi þó verið náð eftir allar þær deilur sem upp komu meðan á verkinu stóð. Miklar deilur milli framkvæmdaáðila töfðu verkefnið svo mánuðum skipti og þegar David Mackay hætti sem stjórnarformaður „Transport Edinburgh Limited“ kallaði hann verkefnið „hell on wheels“.

Til viðbótar þessu voru aðalgötur í miðborg Edinborgar sundurgrafnar að miklu leyti í sjó ár og öllu íbúum borgarinnar, verslunareigendum og fjölmörgum öðrum bæði óþægingum og fjárhagslegu tapi.

Þann 19. desember 2015 birtist grein í vikublaðinu Reykjavík um hraðlest milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar, þar kemur fram að árið 2014 fóru 6,8 milljónir farþega með Flytoget milli Gardemoen-flugvallar og Óslóar, en það er sama vegalengd og milli Keflavíkurflugvallar og BSÍ. Árið 2014 fóru 24,1 milljónir farþega um Gardemoen. Um Keflavíkurflugvöll fóru um fimm milljónir farþega í árið 2015.

Áætlaður kostnaður við Flytoget var 4,3 milljarðar norskra króna árið 1994. Endanlegur kostnaður nam 7,7 milljörðum norskra við lok framkvæmda 1999. Þessi stofnkostnaður var afskrifaður af norska ríkinu því reksturinn stendur ekki undir því að greiða hann upp. 7,7 milljarðar norskra króna svara til um 115 milljarða IKR.

Undirrituðum sýnist þetta verkefni að mörgu leyti áhugavert en þó einkum og sér í lagi fyrir þá sem standa að því svo sem hugmyndaríka athafnamenn, peningastofnanir, verkfræðistofur, verktaka og seljendur tækja og búnaðar. Ekki sé ég þó þessa aðila tilbúna til þátttöku nema í skjóli ríkissjóðs/skattborgara í einhverju formi. Mér finnst ævintýrlegt að reikna með að verkefnið skili jákvæðu tekjustreymi frá fyrsta ári og að á 50 ára tímabili fái fjárfestar 15,25% árlega ávöxtun svo eitthvað sé nefnt.

Hvernig væri annars að ljúka við tvöföldun Keflavíkurvegjarins?



# Umbúðaruglið



**Úrsula Jünemann**  
kennari og leiðsögumaður



**En á meðan allt þetta einnota drasl er miklu ódýrara í innkaupum en starfsmaður í uppvaski þá komumst við ekki lengra í umhverfismálunum.**

Í gær fór ég í ónefnda matvörubúð að versla. Ef maður vill sniðganga allar óþarfa umbúðir og sérlega úr plasti þá er maður í vanda. Kjöt og fiskur fæst einungis í plastbökkum og þá í því magni sem hentar alls ekki einstaklingum. Hvað varð af kjötborðunum þar sem maður gat valið sér eitt kjötstykki og ákveðið auk þess hvort maður vildi fá það „bara“ í litlum plastpoka í staðinn fyrir allar þessar óþörfu umbúðir?

Við kassann ofbýður mér í hvert skipti hversu margir kaupa plastpoka til að setja vörurnar í. Burtséð frá því hvað það mætti spara mikinn pening yfir árið með því að sleppa því þá eru Íslendingar að nota fleiri milljónir af plast-innkaupapokum á ári. Og plastið er hundruð ára að eyðast. Það eru til litlir og nettir fjölnotapokar sem fást meira að segja ókeypis á mörgum stöðum, til dæmis í Sorpu. Og ef menn gleyma þeim heima (ég er alltaf með slíkan í töskunni minni) þá er hægt að fá sér pappakassa í búðinni sem fer svo í bláu tunnuna. Einnig getur maður verið með góðan kassa í bilnum sínum til að rada vörumum í.

En það sem mér fannst verst í þessari innkaupaferð var að sjá veitingastaðinn sem tengist búðinni. Þarna voru margir að fá sér hádegismat. Í boði var grillað svínakjöt og lyktin var vægast sagt freistandi þó að ég sé hætt að borða svínakjöt. (Það er efni í aðra grein.)

## Ódýrara en starfsmaður í uppvaski

Afgreiðslan var þannig að allir viðskiptavinir fengu lokaðan frauðplastbakka undir þann mat sem þeir

keyptu, alveg sama hvort þeir vildu borða matinn á staðnum eða taka hann með sér. Ég ímyndaði mér allt það magn af óendurvinnanlegu rusli – kannski meira en hundruð frauðplastsöskjur á hverjum degi og plasthnífapör og plastmál þar að auki. Hversu margir svartir plastpokar fara þaðan á hverjum degi í sorpi? (Ég efast um að á svona stöðum sé flokkað það sem hægt væri til endurvinnslunnar.)

Tillögur mínar til að draga úr þessu eru þannig: Ekki væri mikið mál að spyrja viðskiptavina hvort þeir vilji borða á staðnum eða taka matinn með sér. Þeir sem vilja borða á staðnum fengu pappadisk sem er miklu nettari og efnisminni en frauðplastaskja. Þegar lengra er litið þá er spurning hvort margnota diskar og hnífapör gætu komið í staðinn fyrir einnota draslið. Það þýddi að koma upp uppþvottavél og starfsmann sem vinnur við hana – atvinnuskapandi?

En á meðan allt þetta einnota drasl er miklu ódýrara í innkaupum en starfsmaður í uppvaski þá komumst við ekki lengra í umhverfismálunum. Þarna stendur hnífurinn í kúnni: Hækka þyrfti verulega verðið á einnota umbúðum í innkaupum.

Ég þyrfti allavega að vera nálægt því að vera hungurmörðaður en ég myndi kaupa mér mat á svona „einnota matsölustöðum“.

# Dauðinn lögfræðilegar skyldur og álitamál

Magnús Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður fjallar um lagalegar skyldur sem þarf að uppfylla í kjölfar andláts og álitamál sem geta komið upp í kjölfarið. Fyrirlesturinn fer fram í safnaðarheimili Háteigskirkju miðvikudaginn 2. mars kl. 20.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.



**NÝ DÖGUN**  
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is





# REYKJAVÍK » KÓPAVOGUR **SKER**

ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

## CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsóttta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.990.000** KR.

Komdu í reynsluakstur

**CRÉATIVE TECHNOLOGIE**



Öruggur staður til að vera á

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





## Stefán Rafn Sigurmannsson

**Aldur:** 25 ára  
**Hæð:** 196 sm  
**Uppeldisfélag:** Haukar  
**Félag:** Rhein-Neckar Löwen frá 2012  
**Landsleikir:** 52  
**Mörk:** 59

Stefán Rafn er hér við það að skora fram hjá einum besta markverði heims, Arpad Sterbik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mun læra mikið af Guðjóni

Stefán Rafn Sigurmannsson hefur ákveðið að vera í það minnsta eina leiktið í viðbót hjá Rhein-Neckar Löwen. Hann hefur barist við Uwe Gensheimer um mínútur á vellinum síðustu ár en á næsta tímabili fær hann Guðjón Val Sigurðsson á æfingar með sér. Stefán segir að það eigi eftir að þroska sig.

Henry Birgir Gunnarsson  
 henry@frettabladid.is



**HANDBOLTI** „Ég hef fengið að spila meira upp á síðkastið og þá kemst maður í meiri takt. Þá fer þetta allt að ganga betur,“ segir hornamaðurinn Stefán Rafn Sigurmannsson en hann átti stóruleik fyrir lið sitt Rhein-Neckar Löwen í Meistaradeildinni gegn Kolding á sunnudag.

Stefán Rafn skoraði sjö glæsileg mörk í flottum sigri Löwen. Hann var markahæsti leikmaður vallarins og valinn í lið umferðarinnar í deildinni. Stefán Rafn hefur mátt gera sér það að góðu síðustu ár að sitja mikið á bekknum og horfa á Uwe Gensheimer spila.

„Þjálfarinn hefur verið að dreifa þessu meira á okkur Uwe eftir EM. Hann hefur rúllað þessu meira en áður og það er jákvætt. Mér hefur tekist að nýta tækifærin vel. Það vilja allir alltaf spila og við Uwe erum góðir vinir og hjálpmur hvor öðrum eins og við getum. Það er enginn skítamóral í gangi.“

### Mun gefa allt í þetta

Fyrir jól var Stefán Rafn að skoða sín mál. Hvort hann ætti að fara frá félaginu eða halda áfram. Hann er búinn að taka ákvörðun.

„Ég ætla að taka slaginn áfram og vonast til að fá að spila áfram. Ég hef sýnt og sannað að ég get það vel,“ segir Stefán Rafn en hefur hann aldrei verið nálægt því að fara? „Jú, það hefur komið fyrir. Það koma oft fyrirspurnir og tilboð en mér liður

mjög vel hjá félaginu og ég vil ekki fara. Ég mun halda áfram að gefa allt í þetta. Ég kom hingað 2012 og tel mig hafa bætt mig mikið. Við erum með frábæran kraftþjálfara sem hefur hjálpað mér mikið. Ég vil ekki kasta frá mér þeirra flottu aðstöðu og þjálfurum sem eru að hjálpa mér. Auðvitað skiptir máli að spila líka en þetta er allt að koma. Markmiðið er að verða númer eitt.“

### Búinn að tala við Guðjón Val

Gensheimer fer frá félaginu næsta sumar en samkeppnin hjá Stefáni minnkar samt ekkert fyrir vikið. Guðjón Valur Sigurðsson gengur nefnilega í raðir félagsins næsta sumar. Íslenski landsliðsfyrirliðinn er nú ekki beint þekktur fyrir að vilja sitja mikið á bekknum.

„Það er alveg rétt. Hann vill spila eins og allir aðrir. Við erum búnir að tala aðeins saman um þetta og ég held að við eigum eftir að geta unnið vel saman. Auðvitað ráðum við því ekkert hver er að spila en mér list vel á að vinna með honum. Við munum taka vel á því saman herna,“ segir Stefán Rafn jákvæður enda telur hann að það geti skilað sér miklu að vera í liði með Guðjóni.

„Ég get lært helling af honum. Maðurinn er kominn með 500 mörk í Meistaradeildinni og búinn að vera í handboltanum í 70 ár. Enda að verða áttæður. Ég ætti að geta lært eitthvað af slíkum manni,“ segir Stefán Rafn léttur.

„Á landsliðsæfingum hefur hann hjálpað mér mikið. Sagt mér til og svona. Ég held að það geti þroskað mig mikið að taka eitt ár með honum. Hann æfir hrikalega mikið



Stefán Rafn Sigurmannsson fagnar marki með Ljónunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Aron mælti með þessu. Gaui getur því síðað mig aðeins til líka. Þá verðum við vinirnir á svipuðum stað í lífinu.**

Stefán Rafn Sigurmannsson.

og það verður frábært fyrir mig að stiga inn í það prógramm með honum og taka á því af fullu. Eftir það lærdómsrika ár get ég svo tekið stöðuna á ný,“ segir Hafnfirðingurinn en hann verður samningslaus eftir fyrsta árið með Guðjóni.

### Gaui síðar mig til

Stefán Rafn og Aron Pálmarsson eru bestu vinir. Guðjón Valur veitti Aroni stuðning og leiðsögn er þeir voru saman hjá Kiel og tekur nú að sér að skóla hinn vininn aðeins til á æfingum sem og í lífinu.

„Ég var búinn að ræða það við Aron sem mælti með þessu. Gaui

getur því síðað mig aðeins til líka. Þá verðum við vinirnir á svipuðum stað í lífinu.“

### Tveir heimavellir

Rhein-Neckar Löwen spilar heima-leiki sína í deildinni ídulega í SAP Arena í Mannheim en hefur verið að spila meistaradeildarleiki í Fraport Arena sem er í Frankfurt. Stuðningsmenn liðsins þurfa að taka á sig aðeins lengra ferðalag fyrir þá leiki og ekki alveg sama mæting og á deildarleikjum.

„Þjóðverjarnir eru svo rosalegir. Þeir kaupa ársmiða á leikina í deildinni og eru búnir að reikna út hvað veturinn á að kosta. Það má svo ekkert hnika því til. Það koma því færri á þessa leiki og þá förum við í minni höll fyrir meistaradeildina. Það byggist upp fin stemning í þessu minna húsi og við kunnum því ágætlega að spila þar,“ segir Stefán Rafn Sigurmannsson.

henry@frettabladid.is

### Domino's deild kvenna í körfubolta

#### Stjarnan - Haukar 66-86

**Stigahæstar:** Adrienne Godbold 21/14 fráköst/5 varin, Margrét Kara Sturludóttir 12, Eva María Emilsdóttir 10, Heiðrún Kristmundsdóttir 9/6 stoðs. - Chelsie Schweers 25, Helena Sværrisdóttir 20/13 frák./6 stoðs., Jóhanna Björk Sveinsdóttir 9/8 frák., Sylvia Rún Hálfðanardóttir 9.

Efst	Neðst	
Snæfell	34	Keflavík 16
Haukar	34	Stjarnan 6
Valur	20	Hamar 4
Grindavík	18	

**LEYFA ÆGI AÐ FARA TIL SPÁNAR**  
 Ægir Þór Steinarsson spilar ekki fleiri leiki með KR en nýkrýndir bikarmeistarar sem eru á toppnum í Domino's deildinni ætla að leyfa Ægi að semja við spænska liðið CB Penas Huesca og mun hann því klára keppnistímabilið í spænsku 2. deildinni (LEB Gold). „Ægir og KR höfðu klásúlu í leikmannasamningi hans sem gerði Ægi kleift að skoða tilboð erlendis frá til 5. janúar. Þrátt fyrir að klásúlan ætti ekki við núna, ákvað stjórn deildarinnar að standa ekki í vegi fyrir þessum vistaskiptum,“ segir í tilkynningu frá KR.



### PEPSI-DEILDIN Í ÁRATUG

365 og Ölgerð Egils Skallagrímssonar gengu í gær frá samningum um nafnarétt efstu deilda Íslandsmóts karla og kvenna í knattspyrnu til næstu þriggja ára. Það er því ljóst að Pepsi-deildin verður til í heilan áratug að minnsta kosti.

### FRÁBÆR BYRJUN STELPNANNA

Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí byrjaði frábærlega í 2. deild heimsmeistarameistarans í gær þegar liðið vann 7-2 sigur á Tyrkjum í fyrsta leik. Flosrún Jóhannesdóttir var valin besti leikmaður leiksins en hún skoraði þrennu auk þess að leggja upp eitt mark fyrir félag sína í liðinu. Sunna Björgvinsdóttir, Guðrún Viðarsdóttir, Birna Baldursdóttir og Diljá Björgvinsdóttir skoruðu hin mörk íslenska liðsins. Næsti leikur liðsins er á móti Nýja-Sjalandi í dag.

### BJARTSÝNN Á AÐ ALFRED VERÐI LENGUR HJÁ AUGSBURG

Alfred Finnbogason opnaði markareikning sinn í þýsku Bundesligunni um helgina en hann skoraði skallamark í 2-2 jafntefli Augsburg og Gladbach. Alfred er á sex mánaða lánsamningi frá spænska liðinu Real Sociedad en þjálfari Augsburg, Stefan Reuter, stefnir á það að halda íslenska framherjanum lengur. „Honum liður eins og heima hjá sér herna og ég er bjartsýnn á að við höfum hann lengur,“ sagði Stefan Reuter við Kicker.



### Í dag

19.45 Norwich - Chelsea Sport 2  
 19.45 Leicester - WBA Sport  
 19.45 Aston Villa - Everton Sport 3  
 19.45 Sunderland - C.Palace Sport 4  
 19.45 Bournem. - Southam. Sport 5



„Það er töfrum líkast hversu vel þetta hefur virkað,“ segir Aníta Ósk Jóhannsdóttir, sem situr með soninn í fanginu. MYND/RÚNA KRISTJÓNSDÓTTIR KURU



Virku innihaldsefni í vörum eru ilmkjarnaoliur, vítamín og steinefni. Þær innihalda ekki stera, paraben eða SLS.

## VIRKNIN ER TÖFRUM LÍKUST

**Artasan kynir** Bioskin Junior frá Salcura eru sérhannaðar húðvörur fyrir börn með exem og mjög þurra húð. Vörurnar henta börnum frá þriggja mánaða aldri. Aníta Ósk Jóhannsdóttir hefur góða reynslu af vörum.

Bioskin Junior vörurnar eru byggðar á náttúrulegum innihaldsefnum sem styðja við eigið viðgerðarferli húðarinnar. Þær eru kláðastillandi, draga úr bólgu og roða ásamt því að vera nærandi og græðandi. Virku innihaldsefni eru ilmkjarnaoliur, vítamín og steinefni og þær innihalda ekki stera, paraben eða SLS.

Vörulínan samanstendur af spreyi, kremi, sjampói og sápu ásamt baðmjólk sem er gott að setja í baðvatnið.

Daily Nourishing Spray er notað að minnsta kosti tvisvar á dag og Outbreak Rescue Cream er svo notað til viðbótar þegar húðin er mjög þurr og illa farin. Engin takmörkun er á notkun varanna og engar aukaverkanir þekktar, en

það er mikilvægt að öll efni sem notuð eru á húð barna séu mild og án ertandi efna.

### VIRKNIN ER TÖFRUM LÍKUST

„Ég var búin að leita lengi að lausn fyrir son minn og reyndar fyrir mig líka,“ segir Aníta Ósk Jóhannsdóttir. „Sonur minn er með mjög þurra húð, fær útbrot og klóraði sig gjarnan til blóðs þegar verst lét. Áður fyrr setti ég hann til dæmis aldrei í bað án þess að í því væri kókosolía. Með olíunni varð hárið hins vegar feitt og ég reyndi að forðast að nota sjampó því það þurrkaði húðina. Þetta rakst því á.“

Aníta sá svo umfjöllun um Bioskin Junior-vörurnar og ákvað að prófa. „Ég keypti baðmjólkina, sjampóið, rakaspreyið og krem-

“ Húðin er öll önnur. Hún er miklu mýkri viðkomu og hann hefur ekki fengið útbrot síðan ég byrjaði að nota vörurnar. Bioskin Junior vörurnar eru orðnar hluti af minni fjölskyldu.

Aníta Ósk Jóhannsdóttir

id en það er töfrum líkast hversu vel þetta hefur virkað. Núna nota ég alltaf baðmjólkina í baðið hans og ber á hann ýmist spreyið eða kremið eftir þörfum. Húðin er öll önnur. Hún er miklu mýkri viðkomu og hann hefur ekki fengið útbrot síðan ég byrjaði að nota vörurnar. Ég nota reyndar baðmjólkina og spreyið fyrir sjálfa mig líka og nú get ég legið í baði án þess að finna til kláða eftir á, sem er stórkostlegt því ég elska að fara í bað,“ segir Aníta.

### LAUS VIÐ SÓLAREXEM OG SUNDFERÐIRNAR FLEIRI

Síðastliðið sumar fór Aníta með fjölskylduna til Spánar og á degi þrjú steiptist sonur hennar út í sólarexemi. „Ég prófaði að hafa

hann í bol, skola hann alltaf eftir sundlaugarferðirnar og bar svo á hann eina umferð af kreminu um það bil þrisvar til fjórum sinnum yfir daginn. Með þessu minnk- aði kláðinn strax og tveimur til þremur dögum síðar var sólarexemið horfið. Eftir Spánarreynsluna erum við líka duglegri að fara í sund því áður hafði sundið alltaf svo slæm áhrif á húðina. Svo er spreyið afar þægilegt í notkun; bæði þegar útbrotin voru mikil og erfitt að koma við þau og eins þegar þolinmæðin er takmörkuð. Þá spreypjar maður yfir litla kroppinn og allir eru sáttir.“

**Söluastaðir: Flest apótek og heilsu- búðir (Vöruúrval mismunandi eftir sölustöðum)**



## FISLÉTTIR DÚNJAKKAR

Með eða án hettu,  
munstraði hægt að snúa við

Skotið  
laxdal.is /yfirhafnir

**BERNHARD  
LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422



Vertu vinur  
á Facebook 

## HÁDEGISTILBOÐ

### PiriPiri BURRITO

~~1.590~~ 1.350 KR



**Culiacan**  
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

# FJÖLSKYLDUTÍMINN MIKILVÆGUR

„Börn og nútímasamfélag“ er yfirskrift málþings þar sem fjallað verður um aðbúnað og líðan barna, skólakerfið, mismunandi fjárhagslegan bakgrunn barnafjölskyldna, samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og styttingu vinnudagsins. Málþingið fer fram í Háskólanum í Reykjavík næstkomandi föstudag og er öllum opið.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík og stofnandi Rannsókna og greiningar, mun flytja erindið „Líðan barna og unglunga á Íslandi: staða og þróun“ á málþingi Bandalags kvenna í Reykjavík og velferðar-ráðuneytisins á föstudaginn.

Inga Dóra hefur síðustu tuttugu ár unnið rannsóknir á forspárþáttum heilsu, líðanar og hegðunar hjá börnum og unglungum. Hún segir íslenska krakka hafa það almennt gott en þó hafi hópur stelpna sem líði verst stækkað á undanförunum árum.

## LÍÐAN BARNNA ALMENNT GÓÐ

„Við á R&G birtum rannsókn fyrir nokkrum árum um þróun á kvíða og þunglyndi meðal barna og unglunga yfir tímabilið frá 1997 til 2006. Á föstudaginn mun ég gera grein fyrir áframhaldandi niðurstöðum úr þeirri greiningu. Ingi-björg Eva Þórisdóttir, doktorsnemi minn, er að skrifa um þetta í ritgerðinni sinni og ég mun gera grein fyrir fyrstu niðurstöðum þeirrar greiningar,“ útskýrir Inga Dóra.

„Almennt hefur líðan barna ekki versnað eftir hrún ef horft er í meðaltöl. Hjá hinum venjulega krakka hefur líðanin jafnvel batnað meðal annars af því að sá tími sem börn hafa með

foreldrum hefur aukist síðustu ár. En það eru vísbendingar um það að sá hópur sem líður mjög illa sé stærri en hann var. Þetta á þó bara við um stelpurnar. Við sjáum ákveðna þróun milli ára 2012 og 2014, það er, sá hópur sem stendur verst hvað kvíða og þunglyndi varðar hefur stækkað talsvert milli þessara ára. Hvort það eru einungis árgangaáhrif eða hvort þetta er þróun getum við ekki sagt til um fyrr en við höfum fengið einn tímamark í viðbót, en niðurstöðurnar fyrir 2016 eru væntanlegar eftir mánuð. Þá mun ég einnig tala um þætti sem tengjast kvíða og þunglyndi og velta upp mögulegum skýringum á málþinginu.“

## SAMVERA OG STUÐNINGUR

Inga Dóra segir samveru með foreldrum skipta höfuðmáli þegar lítið er til bæði líðanar og hegðunar.

„Tími með fjölskyldunni er lykilþáttur og tilfinningalegur stuðningur foreldra er það sem skiptir verulegu máli, hvort sem verið er að skoða líðan eða hegðun barna og unglunga. Við sjáum að krakkar sem verja tíma með foreldrum sínum eru til að mynda ólíklegri til að neyta vímuefna. Hvað líðanina varðar vegur tilfinningalegur stuðningur foreldra þungt.“

Dagskráin hefst klukkan 8.30 í stofu V101 í HR. Ókeypis er inn.



Samvera og stuðningur foreldra skiptir höfuðmáli í líðan og hegðun barna og unglunga. NORDIC PHOTOS/GETTY



Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík og stofnandi Rannsókna og greininga, flytur erindi á málþinginu Börn og nútímasamfélag á föstudaginn. MYND/HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

1. „Líðan barna og unglunga á Íslandi: staða og þróun.“ Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík og stofnandi Rannsókna og greininga.
2. „Nám, grunnleggjandi færni og breytt skipulag skóladagsins.“ Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífðlislegri sálarfræði við norska Tækni- og vísindaháskólann í Þrándheimi og Háskólann í Reykjavík.
3. Niðurstöður skýrslu UNICEF um börn á Íslandi sem líða efnislegan skort. Lovísa Arnardóttir, réttindagæslufulltrúi UNICEF og höfundur skýrslunnar.
4. „Ég er bara með samviskubit, svo geðveikt gagnvart börnunum.“ Um samræmingu fjölskyldu og atvinnu í nútímasamfélagi. Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri og Marta Einarsdóttir, sérfræðingur við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
5. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar, um styttingu vinnudagsins.
6. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.



## FREE INFO SESSION: DISCOVER THE ART OF HOTEL MANAGEMENT IN SWITZERLAND

Are you dreaming of an exciting, international career in one of the world's largest industries? Are you keen on studying in a multicultural environment in a country known to be the birthplace of hospitality?

Are you planning your career in one of the following areas?

- Hospitality
- Hotel Design
- Events
- Culinary Arts
- Resort & Spa
- Business
- Tourism
- Hotel Management

Then come and join us for our free info session, get information about our hotel management programmes and discover the exciting career perspectives in the hospitality industry.

We are looking forward to welcoming you!

### FREE SEMINAR NEAR YOU

29<sup>th</sup> of February 2016 | 15:30 – 17:00

Harpa Convention Center | Reykjavík

For more information please contact:

Arni Solonsson [arni@citycenterhotel.is](mailto:arni@citycenterhotel.is)

SWISS EDUCATION GROUP  
Montreux | Switzerland | T +41 21 965 40 20  
[info@swisseducation.com](mailto:info@swisseducation.com) | [www.swisseducation.com](http://www.swisseducation.com)



## Leiðrétting

Misritun varð í viðtali við Þórhildur H. Hilmarsson, forstöðumann fjárfestingarsviðs Íslandsstofu, í sérblaðinu Fjárfesting í ferðaþjónustu á laugardaginn. Hér er birtur réttur texti: „Hlutverk fjárfestingarsviðs Íslandsstofu er að laða til landsins erlenda fjárfestingu sem talin er æskileg fyrir land og þjóð. Við eigum að endurspegla stefnu stjórnvalda á hverjum tíma í þessum efnum.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAD** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357 | Söllumenn: **Atli Bergmann**, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434, **Jóhann Waage**, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulbrótarbuff

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Snjómokstur

#### SNJÓMOKSTUR

Gerir Gagn ehf  
Sími 897 9724



#### Bilamarkaðurinn



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70. Árgætt 2012, ekinn 69 P.KM, dísel, sjálfskiptur. leður, skoðar skipti Verð 7.990.000. Rnr.108398. BILAMARKAÐURINN 5671800



TOYOTA Land cruiser 150 GX Árgætt 2012, ekinn 75 P.KM, dísel, sjálfskiptur. leður EINN EIGANDI skoðar skipti Verð 7.990.000. Rnr.108056. BILAMARKAÐURINN 5671800



HONDA Cr-v executive. DÍSEL Árgætt 2007, ekinn 140 P.KM, 6 girar. leður, glertoppur. Verð 2.900.000. Rnr.108384. BILAMARKAÐURINN 5671800

Bilamarkaðurinn  
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800



RENAULT Kangoo. Árgætt 2011, ekinn 87 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.485.000. Rnr.262204. Á staðnum.



NISSAN Pathfinder. Árgætt 2007, ekinn 194 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.540.000. Rnr.302129. Á staðnum.

Bílasalan Planid  
Korputorgi, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
Opíð 10-18. Lau 12-16  
www.planid.is

## Toyota Kauptúni



TOYOTA Yaris live. Árgætt 2012, ekinn 72 P.KM, bensín, . Verð 1.850.000. Rnr.990193.

Toyota Kauptúni  
Kauptúni 6, 210 Garðabær  
Sími: 570 5070  
www.toyotakaupuni.is



MERCEDES-BENZ E 250 bluetec 4matic. Árgætt 2015, ekinn 4 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.890.000. Rnr.280161.



KIA Sorento ex luxury. Árgætt 2015, ekinn 47 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.280163. Aukalega í þessum bíl: Bakkmyndavél með leiðsögukerfi, 19" álfelgur, hiti og kæling í framsætum, xenon aðalljós o.fl 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



FORD Mondeo titanium station. Árgætt 2012, ekinn 128 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.991665.



AUDI A3 sportback. Árgætt 2009, ekinn 50 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.270323.

ASKJA notaðir bílar  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is



MERCEDES BENZ Sprinter 318 cdi 4x2. Árgætt 2007, ekinn 290 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.101596.



MERCEDES BENZ Sprinter 318 cdi 4x2. Árgætt 2007, ekinn 355 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.900.000. Rnr.101324.



MERCEDES-BENZ Sprinter 313. Árgætt 2014, ekinn 68 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 5.480.000. Rnr.101583.



RENAULT Master. Árgætt 2013, ekinn 153 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.970.000. Ásett verð kr 5.600.000.- Rnr.101599.

Braut Bílasala  
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík  
Sími: 587 6600  
bilabraut@bilabraut.is  
www.bilabraut.is



GERÐU VERÐSAMANBURÐ!  
'15 HYUNDAI IX35 COMFORT. EK 42P, DÍSEL, SJÁLFSK, 4WD. TILBOÐ 4.590P. #450815. S: 580-8900.



SJÓN ER SÖGU RÍKARI!  
'15 KIA SPORTAGE LUX. EK 59P, DÍSEL, SJÁLFSK, 4WD. ÁSETT 4.990P. #450755. S: 580-8900



EYÐSLUGRANNUR EÐALVAGN  
'15 TOYOTA RAV4 GX. DÍSEL, BEINSK, 4WD. ÁSETT 4.480P. #450140. S: 580-8900

Borgarbilasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900



### PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



### SJÁLFSKIPTUR

HONDA JAZZ 1,4i LS nýskr.10/2005, ekinn 138 P.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 990þkr. TILBOÐ 799.000 100% kortalán! Raðnr.254768 á BILO.is

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is



Kia Carnes EX Luxury, 5/2015, ek 31 þús km, dísel sjsk, leður, 7 manna, ásett verð 4.690 þús, tilboðsverð 4.290 þús, raðnr 161797.

100 bílar ehf  
í miðbæ Mosfellsbæjar,  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

### 250-499 þús.



TILBOÐ 350 ÞÚS

Mitsubishi (pajero) Montero Limited árg'00 ek.108 Þús m. Sjálfskiptur 4x4 hátt og lágt drif, með leðri lúgu ofl. dráttarkrókur, ásett verð 750 Þús, Þarfnast smá lagfæringa (aðalega á útliti og smá dútl) Tilboð 350 Þús s. 841 8955

### 500-999 þús.



### TOYOTA LÍTIÐ KEYRÐ - TILBOÐ 690 ÞÚS

TOYOTA COROLLA 2005 ek.136 Þús, ný skoðaður 17, beinskiptur, ný kúpling, Topp bíll sem eyðir litlu ásett verð 890 Þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955

### Bílar óskast

### BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastúðin sími 568-5000.

### Vélsleðar



Hágæða reimar fyrir vélsleða og fjórhjól á góðu verði.

Stál og Stansar ehf.  
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000

# Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur og seljendur ganga frá bílaviðskiptum milliliðalaust

SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT  
ENGIN SÖLULAUN

SJÁLFSALINN.IS

## Hjólbarðar

**VAKA**

## FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**Gabriel**

Hágæða höggdeyfar í fólksbíl og jeppa.

**Stál og Stansar ehf.**  
Vagnhófi 7 – sími 517 5000

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

HSE Bókhald &amp; Uppgjör slf

 Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
 www.hsebokhald.is  
 hsebokhald@hsebokhald.is  
 Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

## REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., plánófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**Parketslípun**  
sólallaslípun | parketlagning  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

**Gólf list**  
Parketlagnir og viðhald

99% RYKFRITT

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Nudd

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

## SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bola. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

## INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Nudd

## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



## LÆKKAD VERÐ.

Gámahús til flutnings einangrað, innréttað, rafm., hiti, ljós, allir gluggar opnanlegir. Bjart og hlýtt. Verð 1990þ. m/vsk. Uppl. 820-5181

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR**  
**DÁLEIÐSLUTÆKNIR**  
 (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÆFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímápanantir í síma 864-1273



lind@talent.is



bryndis@talent.is

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF  
www.talent.is | talent@talent.is

# Stundum þarf maður bara smá frið

**VENTS**   
hjóðlátu vifturnar



# Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! [www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**  
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**  
 Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERD FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.  
 gsm 777 1313

[leiga@leiguherbergi.is](mailto:leiga@leiguherbergi.is)

**Atvinnuhúsnæði**

**AUÐBREKKA - JARÐHÆÐ**  
 Til leigu 400 fermetra jarðhæð við Auðbrekku. Gluggar sem snúa að götu og innkeyrsludyr. Getur nýst sem verslun og fleira.  
[LeigaRkv@gmail.com](mailto:LeigaRkv@gmail.com) eða s. 897 9743

**Geymsluhúsnæði**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**  
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
 Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m<sup>2</sup>. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500  
**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á [bakari@bakari.is](mailto:bakari@bakari.is) Uppl. í s. 555 0480

**Atvinna óskast**

**VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**  
 Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.  
 Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**SÍMADÖMUR 908 1666**  
 Spjalldómur, hlökkum til að heyrna þér.


**Endalaust 365**



**NET 1.000 KR.\***  
**ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN**

\* Fylgir með völdum tilboðsþökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



**Mat á umhverfisáhrifum**  
 Athugun Skipulagsstofnunar

**Brúarvirkjun í Tungufljóti, Bláskógabyggð**

HS Orka hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Brúarvirkjun, allt að 9,9 MW rennsilsvirkjun í Tungufljóti, Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **1. mars til 12. apríl 2016** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita Árnassýslu, Laugarvatni, skrifstofu Bláskógabyggðar Reykholti, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu HS Orku: [www.hsorka.is](http://www.hsorka.is). Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **12. apríl 2016** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum. Auglýsingin er birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000

Skipulagsstofnun



**Sala fasteigna frá 1957**  
Elsta starfandi fasteignisala landsins

**Sérbylí óskast**


Höfum kaupanda að 200-350 fm sérbylí, einbýlishúsi, raðhúsi eða parhúsi á höfuðborgarsvæðinu. Sterkar í greiðslur í boði.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson fasteignasali.



**Hilmar Þór Hafsteinsson**  
 Löggiltur fasteignasali  
 GSM 824-9098  
[hilmar@eignamidlun.is](mailto:hilmar@eignamidlun.is)

588 9090 · [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is) · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
 STRANDGATA 6  
 220 HAFNARFJÖRÐUR  
 SÍMI 585 5500  
 FAX 585 5599

**Breyting á deiliskipulagi**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 25. febrúar 2016 að auglýsa tillögu að breytingu í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að bætt er við 16 bílastæðum við Bæjarhraun.

Tillagan verður til sýnis hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 29. febrúar - 11. apríl 2016. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar: [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar eða í tölvupósti á [berglingd@hafnarfjordur.is](mailto:berglingd@hafnarfjordur.is) eigi síðar en 11. apríl 2016.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

**Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar**



**AUGLÝSING**  
 Um samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga á breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21. desember 2015 til og með 1. febrúar 2016. Athugasemdir bárust við tillöguna og hefur þeim sem gerðu athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar. Sú breyting var gerð frá auglýstri tillögu að: Bætt við húsgerð D að auk hæstu hæðar 27 m eru 2,5 m vegna léttis búnaðar s.s. handrís og öryggisloka. Bætt við húsgerð E fyrir dreifistöðvar. Bætt við lóð 6a undir dreifistöð. Lóðamörk fyrir áætlað íbúðasvæði suðvestan við skipulagssvæðið sýnt á uppdrættinum. Ákvæðum 6. gr. reglugerðar nr. 724/2008 bætt í umhverfismatið. Ákvæði um samráð við Isavia fellt út þar sem Isavia telur ekki þörf á því. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.  
 Vogum, 1. mars 2016.



**Aðalfundur**

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn í safnaðarheimili Digraneskirkju í Kópavogi, þriðjudaginn 15. mars kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.  
 Veitt verður viðurkenning félagsins, „Viljinn í verki“ Kaffveitingar.

Að loknum aðalfundi verður kynning á verkefnum sem unnin hafa verið í samstarfi við aðra aðila.

**Stjórnin**



ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
 Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)  
 Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Langalína 29 - Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja íbúð**  
 Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



**OPIÐ HÚS**

Vönduð 4ra herbergja 112,8 fm. íbúð á 1. hæð með stórrí og skjólsælli verönd til suðurs. Sér stæði í bílageymslu. Íbúðin er virkilega fallega innréttað með hvítum innhurðum, hvítum fataskápum, sem allir eru með rennihurðum, hvítum sprautulökkuðum innréttingum og eyju í eldhúsi með graníti á borðum. **Húsið stendur á mjög góðum stað við opið svæði við ylströndina. Stutt er í skóla og leikskóla. Verð 49,0 millj. Verið velkomin.**

**Lómasalir 6 – Kópavogi. 3ja herbergja endurnýjuð íbúð**  
 Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



**OPIÐ HÚS**

Mikið endurnýjuð 102,9 fm. íbúð á 2. hæð, auk 7,4 fm. sér geymslu í kjallara, í lyftuhúsi. Sér bílastæði í bílageymslu í kjallara. Endurnýjað eldhús og rúmgóð og björt stofa/borðstofa sem myndar eitt alrými. Glæsilegur sólpallur til suðvesturs. Stutt í skóla og gott leiksvæði í bakgarði.  
**Verð 35,9 millj. Verið velkomin.**



Albert B. Úlfarsson  
 Löggiltur fasteignasali  
[albert@hofudborg.is](mailto:albert@hofudborg.is)

**SANDAVAÐ 1, Íb.206**



**OPIÐ HÚS PRÍÐJUDAG 1. MARS MILLI 17:45 - 18:30**  
 Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 78,3 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi á þessum eftirsóttasta stað í Norðlingaholti. Suðaustur svalir. Parket og flísar á gólfum. Smekkleg og vönduð eign á eftirsóttum stað. Stutt í falleg græn svæði og skóla. **Verð 27,9 millj. Nánari upplýsingar hjá Alberti Sími: 821 0626 albert@hofudborg.is**

Höfuðborg fasteignisala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

- 1872** Yellowstone-þjóðgarðurinn í Bandaríkjunum verður fyrsti þjóðgarður heims.
- 1905** Fyrsta símaskrá á Íslandi er gefin út, Talsímaskrá Reykjavíkur.
- 1940** Vélbátinn Kristján frá Sandgerði rekur vélarvana að landi í Skiptivík í Höfnum eftir tólf daga hrakninga.
- 1947** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn byrjar útlánastarfsemi sína.
- 1970** Ísland gengur í EFTA, Friverslunarsamtök Evrópu.
- 1988** Ný umferðarlög gera notkun ökuljosa allan sólarhringinn að skyldu á Íslandi, svo og notkun öryggisbelta.
- 1989** Bjór er leyfður á ný á Íslandi eftir áratuga bann.
- 1991** Ólafsfjarðargöngin eru formlega opnuð, lengstu veggöng á Íslandi, um 3.400 metrar.



Finnbogí segir atburði samtímans hverju sinni einatt hafa áhrif á verk hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Litagleðin ræður ríkjum

Fyrsta myndlistarsýning Ingibergs Finnboga Gunnlaugssonar stendur yfir í Gallerý O í Ármúla 4-6. Hann gerir abstraktverk útskorin í tré og þar ræður litagleðin ríkjum.

„Ég fullyrði að ég fæddist með myndlistina sem aðalatriði í lífinu. Var flinkur að teikna sem barn og skildi liti og form betur en texta,“ segir Ingibergur Finnbogi, kallaður Bogi, sem starfar hjá Samskipum og hefur gert í áratugi. Hann er 62 ára og er að sýna eigin sköpunarverk í myndlist í fyrsta skipti í Gallerý O hjá Orange project í Ármúla 4-6, þar deilir hann sal með Gunnari Gunnarssyni myndlistarmanni.

Tréskúlpúrarnir hans Boga birta hinar litskrúðugustu myndir sem hann marglakkar yfir með glæru lakki svo þeir líta út eins og glerlistaverk. Fyrst kveðst hann móta mynstrin í víðarplankana,

Pað er erfitt að búa til eitthvað nýtt, bæði í myndlist og tónlist, en ég veit ekki um neinn sem hefur notað þessa aðferð.

bæði með sporjárn og slípirokki, og nota margs konar liti en þó einkum tré-liti af bestu gerð. „Þannig næ ég fram smáatriðunum,“ segir hann og bætir við: „Það er erfitt að búa til eitthvað nýtt,

bæði í myndlist og tónlist, en ég veit ekki um neinn sem hefur notað þessa aðferð. Það er gaman að fylgjast með gestum sem koma á sýninguna því hinir sterku litir fanga strax augu þeirra,“ segir Bogi. Í verkum sínum túlkar hann það sem er að gerast í samtímanum hverju sinni og er honum hugleikið þá stundina.

Hann kveðst hafa byrjað í Myndlista- og handiðaskólanum í kringum 1970 eins og margir aðrir en lífsbaráttan hafi tekið völdin, líka tónlist og spilerí með ballhljómssveitum á borð við Ópus. En hann lítur björtum augum til eftirlaunaáranna þegar hann getur helgað sig listinni meira. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Móðir okkar,  
**Ástríður Ingvadóttir**

Brúnavegi 9,  
áður Ásholti 2, Reykjavík,

lést 22. febrúar á Hrafnistu í Reykjavík.  
Útför hennar fer fram þriðjudaginn  
8. mars nk. frá Fossvogskirkju kl. 15.00.

**Ingibjörg og Ragnheiður Kristjánsdætur**  
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og systir,

**Pálína Erna Ólafsdóttir**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á  
hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn  
13. febrúar. Útför mun fara fram í kyrrþey  
að ósk hinnar látnu.

**Halla Dröfn Þorsteinsdóttir** **Sigurjón Þ. Guðmundsson**  
**Ásta Ingibjörg Þorsteinsdóttir** **Róbert Grímur Grímsson**  
**Sigurður Óli Þorsteinnsson** **Monika Radowska**  
**Erna, Grímur, Grettil, Ísak, Nina, Hilmir, Huginn**  
og systkíni hinnar látnu.



Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gústav Nilsson**

Norðurbrú 3, Garðabæ,

lést á Landspítala Landakoti  
þriðjudaginn 23. febrúar.  
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju  
fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Þóra Ólafsdóttir**  
**Svava Gústavsdóttir** **Jón Þór Ólafsson**  
**Gerður Gústavsdóttir** **Lúðvík Hjalti Jónsson**  
**Nils Gústavsson** **Guðbjörg Jóna Guðlaugsd.**  
afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sverrir Már Sverrisson**

endurskoðandi,  
Efstasundi 37,

lést 23. febrúar.  
Hann verður jarðsunginn  
frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Kolfinna Sigurvinsdóttir**  
**Hulda Sverrisdóttir** **Gauti A. Marinósson**  
**Rannveig Sverrisdóttir** **Kjartan Þórðarson**  
**Sólrún Sverrisdóttir**  
**Kolfinna, Rebekka, Aþena, Jóhanna Björg, Örn**  
og **Sverrir Már**



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamamma, amma  
og langamma,

**Anna Sigmundsdóttir**

Sléttuvegi 17,

lést að heimili sínu föstudaginn  
12. febrúar. Útförin hefur farið fram  
í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir  
auðsynða samúð og hlýhug.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Ingibjörg Harðardóttir**  
**Edda Harðardóttir**  
**Málfríður Harðardóttir**  
**Rósa Harðardóttir**



Elskulegur bróðir okkar og mágur,  
**Ásgeir Lúðvíksson**

Stóragerði 36,  
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði  
mánudaginn 15. febrúar.  
Útförin fer fram frá Grensáskirkju  
föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Gunnar Lúðvíksson** **Margie Nueva**  
**Rósa Sigríður Lúðvíksdóttir**



Okkar ástkæra móðir,  
**Ólafía Elísabet Agnarsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði,  
26. febrúar.  
Útför fer fram frá Ísafjarðarkirkju  
laugardaginn 5. mars kl. 14.00.

**Agnar Ebenesersson** **Margrét Lilja**  
**Halldór Ebenesersson** **Pétursdóttir**  
**Kristinn Guðni Ebenesersson** **Ásgerður Kristjánsdóttir**  
**Margrét Bjarnisdís**  
**Jensdóttir**  
**Guðrún Sólveig Ebenesersdóttir** **Þorgeir Guðbjörnsson**  
**Puríður Ebenesersdóttir** **Magnús Snorrason**  
**Auður Kristín Ebenesersdóttir**  
**Ósk Ingibjörg Ebenesersdóttir** **Sigvaldi Karlsson**  
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Örn Jónsson**

Sæbóli 38,  
Grundarfirði,

lést á heimili sínu að kvöldi  
fimmtudagsins 25. febrúar. Útförin fer fram  
frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.00.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem  
vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið Von  
í Grundarfirði, 0321-13-700101, kt. 650107-0200.

**Sigríður Gísladóttir**  
**Jóhann Arnarson** **Margrét Lukka**  
**Sigríður Guðbjörg Arnardóttir** **Brynjarsdóttir**  
**Gísli Valur Arnarson** **Hinrik Konráðsson**  
og barnabörn. **Karen Ósk Þórisdóttir**





**Frestur til  
að senda inn tilnefningar  
er til miðnættis  
í kvöld**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ **GÓÐVERKI?**

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2016

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun), með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

**365**



SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ



# ÍMARK-dagurinn 4. mars 2016

## Markaðs- **The** setning **marketing** morgun- **of** dagsins **tomorrow**

Á ÍMARK-deginum gefst einstakt tækifæri til að heyra allt um markaðssetningu morgundagsins frá helstu sérfræðingum heims.



**Dom Boyd**  
Yfirmaður  
stefnumörkunar  
hjá adam&eveDDB  
**Love, sex, death  
and penguins;  
a hitch-hikers guide  
to making the most  
effective work  
in the galaxy**



**Jenny Hermanson**  
Viðskiptastjóri  
hjá Spotify  
**Slowdance**



**Katrina Kjærsgaard**  
Yfirverkefnastjóri  
stefnumörkunar  
markaðs- og neytenda-  
mála hjá LEGO  
**A playful journey**



**Mark van der Heijden**  
Hugmyndasmiður  
og „bakpoka-lærlingur“  
**What to pack  
for world domination**

ÁRA



**Árangursríkasta auglýsingaherferðin**  
Formaður dómnefndar, Einar Bárðarson,  
kynnir niðurstöðu dómnefndar.  
Vinningshafi kynnir herferðina.



**Guðni Rafn Gunnarsson**  
Sviðsstjóri fjölmiðla-  
rannsókna Gallup  
**Kynning á niðurstöðum  
markaðskönnunar**



**Andri Þór Guðmundsson**  
Forstjóri Ölgerðarinnar  
**Fundarstjóri**

Nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara á [imark.is](http://imark.is)

Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

### ÍMARK-dagurinn

kl. 9–16 (húsið opnar kl. 8.15).  
Kaffiveitingar og hádegisverður.

Almennt verð: 47.900 kr.  
ÍMARK-félagar: 35.900 kr.

### Lúðurinn

Fordrykkur kl. 17.  
Verðlaunaafhending kl. 18.

Almennt verð: 6.900 kr.  
ÍMARK-félagar: 4.900 kr.

### ÍMARK-dagurinn & Lúðurinn

Almennt verð: 51.800 kr.  
ÍMARK-félagar: 38.800 kr.



AFA JCDcaux Island

365

áberandi

GALLUP



ICELANDAIR

INN/UT

margt smátt

Morgunblaðið

PIPAR|TBWA

ÞÓSTURINN

RÚV



SVANSPRENT

VÍR

vodafone

ÖLGERÐIN

# Don Giovanni komst ekki á flug

## ÓPERA

★★★★★

Don Giovanni eftir Mozart í uppfærslu íslensku óperunnar.

**Stjórnandi:** Benjamin Levy

**Leikstjóri:** Kolbrún Halldórsdóttir

**Einsöngvarar:** Oddur Arnþór Jónsson, Tomislav Lavoie, Hallveig Rúnarsdóttir, Elmar Gilbertsson, Jóhann Smári Sævarsson, Hanna Dóra Sturludóttir, Þóra Einarsdóttir, Ágúst Ólafsson

**Kór og hljómsveit íslensku óperunnar.**

**Búningar:** María Th. Ólafsdóttir.

**Leikmynd:** Snorri Freyr Hilmarsson.

**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson.

**Eldborg í Hörpu**

Laugardaginn 27. febrúar

Beethoven var mjög hneykslaður á Mozart að semja heila óperu um kvennabósann Don Giovanni. Sá náungi var óttalegur uppskafningur sem hafði engan áhuga á að gera neitt við líf sitt annað en að fleka konur, helst giftar. Tónlistin er þó snilld. Hún er hrifandi fögur, með ótal gripandi laglínur og skemmtilegum upp-ákomum. Það er einhver ótrúleg birta yfir henni sem er langt handan við litilfjörlegt umfjöllunarefnið.

Því miður verður að segjast að óperan komst aldrei á flug í uppsetningunni sem fumsýnd var á laugardagskvöldið í Hörpu. Hún byrjaði illa, forleikurinn

var keyrður áfram af furðulegri hörku af hljómsveitarstjóranum Benjamin Levy. Í forleiknum er óperan í hnotskurn, þar er máluð mynd af sífelldum kvennaförum og síðan meinlegum örlögum kvennabósans, sem fer á endanum til helvítis. Tónlistin er því ýmist dramatisk eða léttúðug. Í meðföllum Levys vantaði hvort tveggja, dýptina skorti og því fór dramatíkin út um veður og vind. Svo var enginn húmor og skemmtilegheit í bjartari köflum forleiksins. Þetta var meira í ætt við tónlist fyrir líkamsrækt.

Ekki bætti úr skák að einstaklega fráhrindandi grafík var varpað á vegginn fyrir ofan sviðið. Það voru skuggamyndir af hljódfæraleikurum að spila, útlínur á sífelldri hreyfingu. Upp í hugann kom einhvers konar lifandi spagetti, eins ógeðfellt og það nú hljómar.

Sviðsmyndin í uppfærslunni var óttalega ómurleg, rimlagardínur og flekar með gluggum. Á þetta neyddist maður til að horfa gjörvalla óperuna. Það var engin tilbreyting nema í mismunandi lýsingu, og hún var þunnur þrettandi. Lengst af var óreglulegum skuggum varpað á gólfíð, sem voru óreiðukennir og truflandi. Búningarnir voru þó smekklegir, en glöddu samt aldrei augað að neinu marki.

Nú er það ekkert leyndarmál að Íslenska óperan á litla fjármuni og



Hanna Dóra Sturludóttir og Oddur A. Jónsson í hlutverkum sínum.

það er greinilegt að hér hefur enginn peningur verið eftir fyrir sviðsmynd. En ópera er ekki síst sjónræn list, og þegar sá kafli er alveg skilinn eftir verður útkoman aldrei kræsileg, sama hversu vel er sungið. Léleg sviðsmynd er mun verri en engin. Þá er heiðarlegra og betra að flytja óperuna bara í konsertuppfærslu.

Söngvararnir voru nokkuð misjafnir. Aðalstjarnan, Oddur A. Jónsson sem var í hlutverki Don Giovanni, söng af krafti og hann hafði líka útlitið með sér. Hins vegar vantaði einhvern kar-

akter í leikinn sem gerði að verkum að manni var slétt sama um persónuna hans. Hún var aldrei neitt áberandi fyndin, og ekki heldur tragísk.

Það sópaði ekki heldur sérlega mikið að þjóni Don Giovanni, Leporello, sem var leikinn af Tomislav Lavoie. Hann söng þó yfirleitt fallega. Elmar Gilbertsson, sem var í minna hlutverki, var aftur á móti alveg þrýðilegur. Hann hefur fagra rödd og hún kom ákaflega vel út. Jóhann Smári Sævarsson var einnig flottur og Ágúst Ólafsson skilaði sínu hlutverki af fagmennsku.

